Júlí 2020

# Ársskýrsla forsætisráðherra 2019




EFNISYFIRLIT

ÁVARP RÁÐHERRA

STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA



**Stjórnarráð Íslands**
Forsætisráðuneytið

# Efnisyfirlit

Ávarp ráðherra ..... 4

## Starfsemi forsætisráðuneytisins á árinu 2019

Tímalína 2019 ..... 7
Ríkisstjórn og ráðherranefndir ..... 9
Ríkisstjórnarfundir ..... 9
Ráðherranefndir ..... 9
Starfandi ráðherrar í árslok 2019 ..... 10
Hlutverk og uppbygging forsætisráðuneytisins ..... 11
Mannauður ..... 13
Mannauðsstefna Stjórnarráðsins ..... 13
Jafnlaunavottun ..... 13
Yfirlit yfir þingmál forsætisráðherra ..... 14
Alþjóðleg samskipti forsætisráðherra ..... 15
Formennska í norrænu ráðherranefndinni ..... 18

## Helstu verkefni forsætisráðuneytisins á árinu 2019

### Efnahagsmál

Tekjusagan – gagnagrunnur um þróun lífskjara ..... 21
Nefnd um bætur á úrvinnslu og nýtingu launatölfræðiupplýsinga skilar skýrslu ..... 22
Aðgerðir ríkisstjórnarinnar til stuðnings lífskjarasamningum ..... 23
Þjóðhagsráð tekur til starfa í breyttri mynd ..... 24
Átakshópur um aukið framboð á íbúðum og aðrar aðgerðir til að bæta stöðu á húsnæðismarkaði ..... 25
Velsældarmælikvarðar ..... 26
Ný heildarlög um Seðlabanka Íslands ..... 27

### Jafnréttismál

Jafnréttismál í forsætisráðuneytinu ..... 29
Jafnlaunavottun og kynbundinn launamunur ..... 30
Lagasetning í jafnréttismálum ..... 31
Kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni ..... 33
Jafnréttissjóður Íslands ..... 35
Jafnréttisráð ..... 35

## Ýmis verkefni

Samfélag framtíðar, vísindi, nýsköpun og tækni 37
Framtíðarnefnd 37
Ísland og fjórða iðnbyltingin 38
Vísinda- og tækniráð 39
Endurskoðun stjórnarskrár 40
Rökræðukönnun á viðhorfum almennings til stjórnarskrárinnar 41
Samráðsgátt 42
Loftslagsmál 43
Grænvangur 43
Loftlagsstefna Stjórnarráðsins 44
Græn skref 44
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og ungmennaráð HMSÞ 45
Þjóðaröryggisráð 47
Viðbygging við Stjórnarráðshúsið 49
Gæði lagasetningar 50
Þjóðlendur 51
Lagabreytingar 52
Ráðherranefnd um matvælastefnu fyrir Ísland 54
Guðmundar- og Geirfinnsmálið 55
Úrbætur á innviðum flutnings- og dreifikerfi raforku og fjarskiptum 56
Aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að auka traust á íslensku efnahagslífi 56
Staðartími á Íslandi 57

## Stofnanir forsætisráðuneytisins

Embætti ríkislögmanns 59
Hagstofa Íslands 60
Jafnréttisstofa 61
Óbyggðanefnd 62
Umboðsmaður barna 63
Seðlabanki Íslands 64
Úrskurðanefnd um upplýsingamál 65
Kærunefnd jafnréttismála 65

## Rekstur og fjárfestingar

Málefnasvið 67
Útgjöld málefnasviða og málaflokka 68
Fjárfesting málaflokka 70
Yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila og fjárlagaliða 71

## Ávinningur af ráðstöfun fjármuna

Yfirlit yfir stöðu aðgerða allra málaflokka í árslok 2019 75
Forsætisráðuneyti 76
Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál 78
Ákæruvald og réttarvarsla 81
Stuðningur við einstaklinga, fjölskyldur og börn 82
Jafnréttismál 83



# Ávarp ráðherra

Þegar þetta er skrifað á vormánuðum 2020 þá virðist árið 2019 orðið ansi fjarlægt, enda tímarnir verið viðburðaríkir að undanförnu. Þó að árið 2020 virðist ætla að „toppa“ árið 2019 í athafnasemi þá er gott að líta aftur til ársins 2019 og rifja upp nokkra hápunkta í starfsemi forsætisráðuneytisins.

Í upphafi árs fluttust jafnréttismálin yfir í ráðuneytið og ný skrifstofa jafnréttismála var sett á laggirnar. Þar með sköpuðust mikilvægar aðstæður til að samþætta jafnréttismál enn betur inn í alla stefnumótun stjórnvalda. Í kjölfarið var lagt fram frumvarp til laga um kynrænt sjálfræði sem felur í sér að einstaklingar hafi rétt á að skilgreina kyn sitt og njóti líkamlegrar friðhelgi. Stórt mannréttindamál sem Alþingi samþykkti sumarið 2019.

Vinnumarkaðsmál voru fyrirferðarmikil í aðdraganda lífskjarasamninga sem undirritaðir voru í apríl 2019. Sú vinna hélt svo áfram allt árið með víðfeðmu samstarfi ráðuneyta sem skilaði sér í fjölmörgum frumvörpum sem urðu að lögum á árinu. Fyrsti fundur nýs Þjóðhagsráðs sem skipað er aðilum vinnumarkaðarins og fulltrúum ríkis og sveitarfélaga var haldinn í nóvember 2019.

Lög um sameiningu Seðlabanka Íslands og FME voru samþykkt á árinu og nýr Seðlabankastjóri var skipaður. Í nýrri stofnun er unnið á þremur sviðum: peningastefnu, fjármálastöðugleika og fjármálaeftirlits. Þar með er orðin til enn öflugri stofnun á sviði hagstjórnar.

Endurskoðun stjórnarskrár á vettvangi formanna flokkanna hélt áfram og rökræðukönnun um ýmis ákvæði var gerð með góðri þátttöku almennings í Laugardalshöll í nóvember. Þetta er í fyrsta sinn sem stjórnvöld beita slíkri aðferðafræði hér á landi og niðurstöðurnar munu verða mikilvægt leiðarljós inn í stjórnarskrárvinnuna. Það er von mín að slík aðferðafræði verði nýtt oftar við opinbera stefnumótun.

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA



Meðal þeirra mála sem vakti töluverða umræðu á árinu voru Guðmundar- og Geirfinnsmálin en frumvarp til laga um heimild til að greiða bætur vegna þeirra var samþykkt á Alþingi í desember 2019. Ríkisstjórnin hafði áður beðið sakborninga, aðstandendur þeirra og aðra sem átt hafa um sárt að binda vegna málsins afsökunar á því ranglæti sem þau hafa mátt þola. Frumvarpið snerist fyrst og fremst um að tryggja að málsaðilar fengju fjárhagslegar bætur þótt ljóst sé að fjármunir geti aldrei bætt það tjón sem ranglátur dómur olli hinum sýknuðu og fjölskyldum þeirra.

Þá var unnin mikil vinna í forsætisráðuneytinu við að móta svokallaða velsældarmælikvarða sem kynntir voru að hausti 2019 en þá var skilað tillögum um 39 slíka mælikvarða sem verða mikilvægt tæki til stefnumótunar til framtíðar.

Árinu lauk með því að mikið óveður gekk yfir landið sem kippti stórum landshlutum úr sambandi í bókstaflegri merkingu þess orðs. Forsætisráðuneytið leiddi þá starfshóp nokkurra ráðuneyta sem ætlað var að gera tillögur til úrbóta til að tryggja öryggi allra landsmanna þegar kemur að rafmagni, fjarskiptum, samgöngum og öðrum grunninnviðum.

Af þessari stuttu upptalningu má sjá að störf forsætisráðuneytisins eru fjölbreytt. Ráðuneyti snúast nefnilega um margt. Þau snúast um að tryggja jafnræði og að leikreglum sé fylgt. Þau snúast um að móta stefnu með vönduðum hætti og tryggja að hið opinbera standi undir nafni í nútímasamfélagi. Þau snúast um að undirbúa löggjöf og fjárveitingar. Og þau snúast um að veita almannaþjónustu, þjóna fólkinu í landinu.

Enginn ráðherra veit nákvæmlega hvað mun bíða hennar eða hans í starfi. Þess vegna eru það sérstök forréttindi að vinna með sveigjanlegu fólki sem ávallt er reiðubúið að takast á við ný og spennandi verkefni, mörg hver snúin og strembin, en líka gefandi og mikilvæg fyrir almenning í landinu.

Ársskýrslur ráðherra koma nú út í þriðja sinn og ég hvet alla til að kynna sér efni þeirra og fá þannig góða yfirsýn yfir verkefnin sem unnið var að í Stjórnarráðinu árið 2019.

*Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra*

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

# Starfsemi forsætisráðuneytisins á árinu 2019

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

# Tímalína 2019 8. janúar - 17. júní

**8. janúar**
Jafnréttimál flytjast í forsætisráðuneyti

**18. janúar**
Tekjusagan opnuð

**22. janúar**
Átakshópur um aukið framboð á íbúðum og aðrar aðgerðir til að bæta stöðu á húsnæðismarkaði skilar tillögum

**1. febrúar**
Nefnd um umbætur á úrvinnslu og nýtingu launatölfræðiupplýsinga skilar niðurstöðum

**6. og 7. febrúar**
Forsætisráðherra undirritar samninga við Kvenréttindafélag Íslands og Samtökin 78



**15. febrúar**
Stefna um samþykki fyrir nýtingu lands og landsréttinda í þjóðlendum

**1. mars**
Skýrsla nefndar um Ísland og fjórðu iðnbyltinguna kemur út

**12. mars**
Forsætisráðherra fundar með aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og ávarpar 63. fund kvennanefndar SÞ



**15. mars**
Grunnskýrsla um kynjaða fjárlagagerð kemur út í fyrsta sinn

**26. mars**
Frumvörp um að upplýsingalög nái til allra þátta ríkisvaldsins og vandaða starfshætti í vísindum afgreidd í ríkisstjórn

**3. apríl**
Aðgerðir ríkisstjórnarinnar til stuðnings lífskjarasamningum aðila vinnumarkaðarins kynntar

**4. apríl**
Fullt hús grænna skrefa hjá forsætisráðuneytinu

**5. apríl**
Ráðherranefnd um matvælastefnu sett á laggirnar

**9. apríl**
Loftlagsstefna Stjórnarráðsins samþykkt í ríkisstjórn

**10. maí**
Stjórnarskrárákvæði um auðlindir og umhverfisvernd í samráðsgátt



**15. maí**
Samkomulag undirritað um Kjaratölfræðinefnd

**28. maí**
Stofnun samstarfsvettvangs um loftlagsmál og grænar lausnir

**31. maí**
Aðgerðaráætlun um eflingu stafrænnar þjónustu samþykkt í ríkisstjórn

**11. júní**
Gagnvirkt þjónustukort sem veitir hraða og einfalda yfirsýn yfir þjónustu um allt land kynnt

**12. júní**
Alþingi samþykkir lagabreytingar á sviði tjáningarfrelsis og upplýsingaréttar

**17. júní**
Hátíðardagskrá í tilefni af 75 ára afmæli lýðveldisins



EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

# Tímalína 2019 18. júní - 19. desember

**18. júní**
Ísland í fremstu röð í málefnum hinsegin fólks eftir samþykkt lagafrumvarps um kynrænt sjálfræði

**20. júní**
Allt að 900 milljónir á þremur árum fari í rannsóknir um samfélagslegar áskoranir: umhverfismál og sjálfbærni, heilsu og velferð og tæknibreytingar

**20. júní**
Alþingi samþykkir ný lög um Seðlabanka Íslands

**1. júlí**
Þjóðhagsráð tekur til starfa í breyttri mynd

**2. júlí**
Viðamiklar aðgerðir til að auka kolefnisbindingu og efla lífríki hér á landi kynntar

**8. ágúst**
Sumarfundur ríkisstjórnarinnar haldinn við Mývatn

**19. ágúst**
Forsætisráðherra tekur á móti kanslara Þýskalands á Þingvöllum



**20. ágúst**
Forsætisráðherrar Norðurlanda og norrænir forstjórar í samstarf um loftlagsmál

**20. ágúst**
Ný framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar samþykkt

**28. ágúst**
Ríkisstjórnin samþykkir nýja framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum

**13. september**
Tillögur um 39 mælikvarða um hagsæld og lífsgæði kynntar

**17. september**
Alþjóðleg ráðstefna um #Metoo



**23. september**
Forsætisráðherra ávarpar loftlagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna

**25. október**
Forsætisráðherra skipar starfshóp á grunni laga um kynrænt sjálfræði

**5. nóvember**
Frumvarp til laga um vernd uppljóstrara afgreitt úr ríkisstjórn

**8. nóvember**
Fyrsta skýrsla framtíðarnefndar forsætisráðherra kemur út

**11. nóvember**
Rökræðukönnun um nýja stjórnarskrá fer fram

**19. nóvember**
Aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að auka traust á íslensku atvinnulífi kynntar

**22. nóvember**
Barnaþing í Hörpu



**13. desember**
Ríkisstjórnin stofnar átakshóp um úrbætur á innviðum í framhaldi af fárviðrinu 10. og 11. desember

**17. desember**
Ísland áfram í efsta sæti á lista Alþjóðaefnahagsráðsins um kynjajafnrétti

**19. desember**
Nefnd um vandaða starfshætti í vísindum stofnuð

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA



# Ríkisstjórn og ráðherranefndir

## Ríkisstjórnarfundir

Ríkisstjórnarfundir eru fundir allra ráðherra sem sæti eiga í ríkisstjórn Íslands. Forsætisráðherra stýrir ríkisstjórnarfundum sem alla jafna eru haldnir tvisvar í viku á starfstíma Alþingis.

Á fundunum eru m.a. rædd mikilvæg stjórnarmálefni og stjórnarfrumvörp og stjórnartillögur sem ráðherrar hyggjast leggja fram á Alþingi. Dagskrá ríkisstjórnarfunda er birt á vef Stjórnarráðsins.

DAGSKRÁ RÍKISSTJÓRNARFUNDA

## Ráðherranefndir

Forsætisráðherra getur ákveðið, með samþykki ríkisstjórnar, að skipa ráðherranefndir til að fjalla um einstök mál eða málaflokka. Hlutverk ráðherranefnda er að efla samráð og samstarf á milli ráðherra og ráðuneyta þeirra og tryggja samhæfingu ef málefnasvið skarast og til að undirbúa mál til framlagningar.

NÁNAR UM RÁÐHERRANEFNDIR

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Ríkisstjórnarfundir | 83 | 86 |
| Ráðherranefnd um ríkisfjármál | 30 | 29 |
| Ráðherranefnd um efnahagsmál | 15 | 26 |
| Ráðherranefnd um samræmingu mála | 12 | 25 |
| Ráðherranefnd um jafnréttismál | 4 | 11 |
| Ráðherranefnd um matvælastefnu | 4 | - |

1 Fjöldi funda 2018

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

# Starfandi ráðherrar í árslok 2019

## 11 ráðherrar úr þremur flokkum mynda ríkisstjórn



EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

# Hlutverk og uppbygging forsætisráðuneytisins

Hlutverk forsætisráðuneytisins er að tryggja faglega umgjörð um störf ríkisráðs, ríkisstjórnar og ráðherranefnda, auk þess að veita faglega ráðgjöf um meðferð verkaskiptingarvalds forsætisráðherra sem og lögfræðilega ráðgjöf til annarra ráðuneyta um stjórnskipuleg og stjórnsýsluleg álitamál.

Hlutverk forsætisráðuneytisins er jafnframt að aðstoða forsætisráðherra og ríkisstjórn hvers tíma við að koma megináherslum sínum í framkvæmd. Þetta er gert með leiðsögn, forystu og samhæfingu innan Stjórnarráðsins. Umfang og áherslur í starfsemi og rekstri forsætisráðuneytisins ráðast þannig mjög af stefnumálum og áherslum ríkisstjórnar hverju sinni.

Þá veitir ráðuneytið m.a. umsagnir um öll stjórnarfrumvörp sem lögð eru fram í ríkisstjórn auk þess að sinna sérstökum stjórnarmálefnum sem undir ráðuneytið heyra, svo sem þjóðaröryggismálum, þjóðlendumálum, málefnum Vísinda- og tækniráðs og jafnréttismálum en jafnréttismál færðust til forsætisráðuneytisins í ársbyrjun 2019 og var sérstök skrifstofa jafnréttismála sett á fót í ráðuneytinu til að sinna málaflokknum.




NÁNARI ÚTFÆRSLA SKIPURITS

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

**2.426**
Mál í málaskrá

**235**
Fréttatilkynningar sendar út

**28.537**
Skjöl í málaskrá

**29**
Skriflegar fyrirspurnir frá Alþingi

**16.574**
Innkomin skráð skjöl

**77**
Upplýsingabeiðnir

**14.944**
Innkominn skráður tölvupóstur

**263**
Formlegar fyrirspurnir til ráðuneytisins

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA




Starfsfólk forsætisráðuneytis 2019. Ráðherra, aðstoðarmenn, fólk í vistaskiptum og leyfi er ekki með í talningu.

# Mannauður

## Mannauðsstefna Stjórnarráðsins

Ný mannauðsstefna Stjórnarráðs Íslands var samþykkt af ráðuneytisstjórum í árslok 2019 og er ætlað að vera leiðarljós ráðuneytanna í mannauðsmálum. Mikilvægt er að Stjórnarráðið sé eftirsóknarverður vinnustaður sem bjóði upp á tækifæri fyrir starfsfólk til að eflast og þróast.

Í nýrri mannauðsstefnu er lögð áhersla á að Stjórnarráðið hafi yfir að ráða starfsfólki sem býr yfir sjálfstæði og framúrskarandi samskiptahæfni ásamt hæfni og þekkingu til að hafa frumkvæði að breytingum ásamt getu og vilja til að laga sig að sífellt flóknara starfsumhverfi.

Þá er aukin áhersla á að veita starfsfólki sem er að ljúka starfsferli sínum stuðning og sveigjanleika við starfslok. Á árinu 2019 var tvisvar haldið starfslokanámskeið fyrir 60 ára og eldri starfsmenn í Stjórnarráðinu sem var nýbreytni sem er komin til að vera. Mikil ánægja var með námskeiðin.

MANNAUÐSSTEFNA STJÓRNARRÁÐSINS

## Jafnlaunavottun

Forsætisráðuneytið fékk jafnlaunavottun í árslok 2018 og er í kjölfarið framkvæmd árleg jafnlaunagreining innan ráðuneytisins. Árið 2019 var niðurstaða greiningarinnar innan þess jafnalaunamarkmiðs sem ráðuneytið hefur sett sér.

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA



# Yfirlit yfir þingmál forsætisráðherra

Á árinu 2019 voru löggjafarþing nr. 149 og 150 starfandi. Forsætisráðherra lagði fram eftirfarandi frumvörp á Alþingi:

- Frumvarp til laga um breytingu á stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, með síðari breytingum (tjáningarfrelsi og þagnarskylda)
- Frumvarp til laga um kynrænt sjálfræði
- Frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands
- Frumvarp til laga um breytingu á upplýsingalögum, nr. 140/2012, með síðari breytingum (útvíkkun gildissviðs o.fl.)
- Frumvarp til laga um vandaða starfshætti í vísindum
- Frumvarp til laga um heimild til að greiða bætur vegna dóms Hæstaréttar í máli nr. 521/2017
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998 (leyfisveitingar, málsmeðferð, endurupptaka o.fl.)
- Frumvarp til laga um vernd uppljóstrara

Sex fyrstnefndu frumvörpin urðu að lögum á árinu en þinglegri meðferð var ekki lokið um síðustu tvö frumvörpin í lok ársins. Þá var samþykkt þingsályktunartillaga um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum 2020-2023.

Ráðherra gerði jafnframt grein fyrir þremur munnlegum skýrslum til Alþingis á árinu, um aðkomu ríkisstjórnarinnar að kjarasamningum og tengdum málum, um viðbrögð stjórnvalda við dómi Mannréttindadómstóls Evrópu og um afleiðingar óveðurs sem gekk yfir landið í desember og viðbrögð stjórnvalda þar að lútandi.

Skriflegar skýrslur voru þrjár, skýrsla um meðferð og framkvæmd ályktana Alþingis, skýrsla um framkvæmd upplýsingalaga og skýrsla um ráðstöfun lands og landsréttinda innan þjóðlendna og tekna af gjöldum fyrir slík réttindi.

Ráðherra tók þátt í 6 sérstökum umræðum. Loks svaraði ráðherra 23 fyrirspurnum skriflega og einni munnlega.



EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA



# Alþjóðleg samskipti forsætisráðherra

Alþjóðamál af ýmsum toga settu mark sitt á starf forsætisráðherra árið 2019. Loftslagsmál og jafnréttismál voru ofarlega á baugi og fjöldi þjóðarleiðtoga sótti Ísland heim. Þá var formennska Íslands í Norrænu ráðherranefndinni fyrirferðarmikil á dagskrá ráðherra á árinu.

Norrænu forsætisráðherrarnir funduðu í Helsinki í upphafi árs um baráttuna gegn loftslagsvánni. Á fundinum gáfu forsætisráðherrarnir út samstarfsyfirlýsingu um að stefnt skyldi sameiginlega að kolefnishlutleysi Norðurlanda. Forsætisráðherra og Juha Sipilä forsætisráðherra Finnlands áttu tvíhliða fund þar sem rætt var um samstarf landanna, nýsköpun o.fl.

Forsætisráðherra heimsótti ásamt fjármála- og efnahagsráðherra Eistland í febrúar til þess að kynna sér árangur Eista í stafrænni opinberri þjónustu. Funduðu þau með Jüri Ratas forsætisráðherra Eistlands og Rene Tammist upplýsingatækniráðherra Eistlands þar sem aukið samstarf þjóðanna á þessu sviði var rætt.

Forsætisráðherra fundaði með Theresu May forsætisráðherra Bretlands í London og Nicola Sturgeon, fyrsta ráðherra skosku heimastjórnarinnar, í Edinborg á árinu. Meðal fundarefna var útganga Bretlands úr Evrópusambandinu, uppgangur popúlisma í Evrópu auk jafnréttis- og loftslagsmála.



EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA



Forsætisráðherra sótti nokkra fundi á vettvangi Sameinuðu þjóðanna á árinu. Forsætisráðherra ávarpaði 63. fund kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna í New York þar sem hún áréttaði m.a. mikilvægi markvissrar fjárfestingar í samfélagslegum innviðum í tengslum við jafnréttismál, sbr. fæðingarorlof beggja foreldra og aðgengi að leikskólum, ogbaráttunnar gegn kynbundnu ofbeldi. Þá afhenti forsætisráðherra Phumzile Mlambo-Ngcuka, framkvæmdastjóra UN Women, yfirlýsingu jafnréttismálaráðherra Norðurlandanna um áherslu á heimsmarkmið fimm. Forsætisráðherra fundaði með António Guterres, aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, þar sem þau ræddu m.a. þróun jafnréttismála og mikilvægi kraftmeiri aðgerða ríkja í loftslagsmálum.

Forsætisráðherra ávarpaði mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna í Genf í júlí þar sem hún ræddi um réttinn til jafnra launa, réttindi hinsegin fólks og réttinn til heilnæms umhverfis. Lagði forsætisráðherra áherslu á mikilvægi þess að standa vörð um þau réttindi sem áunnist hefðu.

Þá sótti forsætisráðherra árlegan ráðherrafund Sameinuðu þjóðanna í New York um heimsmarkmiðin þar sem hún kynnti stöðu innleiðingar Íslands á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.




Forsætisráðherra tók þátt í sérstökum leiðtogafundi um loftslagsmál sem aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, António Guterres, boðaði í tengslum við 74. allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna þar sem hann kallaði eftir forystu leiðtoga heims í aðgerðum gegn loftslagsbreytingum.

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA




Auk þátttöku í allsherjarþinginu sótti forsætisráðherra jafnframt leiðtogafund um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. og átti tvíhliða fundi með forseta Namibíu, Hage Geingob, forseta Austurríkis, Alexander Van der Belen, ásamt kanslara Austurríkis, Brigitte Bierlein og forsætisráðherra Nýja-Sjálands, Jacindu Ardern.

Fjölmargir þjóðarleiðtogar og ráðherrar sóttu Ísland heim á árinu. Forsætisráðherra fundaði með utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Michael Pompeo. Á fundinum ræddi forsætisráðherra m.a. loftslagsbreytingar og ákvörðun Bandaríkjanna um að segja sig frá Parísarsamkomulaginu, kjarnorkuafvopnunarmál og málefni norðurskautsins, auk tvíhliða samskipta landanna. Mike Pence varaforseti Bandaríkjanna heimsótti landið og átti forsætisráðherra fund með honum. Rætt var um tvíhliða samstarf ríkjanna, öryggis- og varnarmál, viðskipta- og efnahagsmál, umhverfismál og jafnréttismál.

Forsætisráðherra átti einnig fundi með forsetum Þýskalands og Indlands, Frank-Walter Steinmeier og Ram Nath Kovind, en báðir sóttu þeir Ísland heim á árinu í boði forseta Íslands og voru loftslags- og umhverfismál m.a. rædd auk tvíhliða samskipta ríkjanna.



Framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins, Jens Stoltenberg, átti fund með forsætisráðherra þar sem m.a. var rætt um afvopnunarmál og kjarnorkuvopnatakmarkanir og fjölþátta ógnir.. Þá sótti forsætisráðherra afmælisfund leiðtoga Atlantshafsbandalagsins í London þar sem 70 ára afmælis bandalagsins var minnst. Á fundinum lagði forsætisráðherra áherslu á afvopnunarmál, hlutverk Atlantshafsbandalagsins í tengslum við loftslagsbreytingar og baráttuna gegn kynferðislegu ofbeldi og áreitni á vettvangi bandalagsins.

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA




Angela Merkel, kanslari Þýskalands kom til Íslands í boði forsætisráðherra og var einnig boðið að vera sérstakur gestur á árlegum sumarfundi forsætisráðherra Norðurlandanna, sem fram fór á Íslandi 19.-21. ágúst. Forsætisráðherra átti tvíhliða fund með Merkel þar sem þær ræddu meðal annars um loftslagsmál, stöðu stjórnmálanna í Evrópu, þróun efnahagsmála og jafnréttismál. Merkel heimsótti einnig Heillisheiðarvirkjun til þess að kynna sér jarðhitastarfsemi á Íslandi og verkefni CarbFix og mögulegt samstarf ríkjanna á þessu sviði.

Forsætisráðherra átti jafnframt margvíslega tvíhliða fundi í tengslum við þátttöku hennar í alþjóðlegum viðburðum, m.a. með . Stefan Löfven, forsætisráðherra Svíþjóðar, Antii Rinne forsætisráðherra Finnlands, Kim Kielsen, formanni landsstjórnar Grænlands, Rick Perry orkumálaráðherra Bandaríkjanna, Daliu Grybuaskaité, fyrrum forseta Litháen, Julia Gillard, fyrrum forsætisráðherra Ástralíu, og Madeleine Rees, framkvæmdastjóra Alþjóðasambands kvenna fyrir friði og frelsi (WILPF).

## Formennska í norrænu ráðherranefndinni

Ísland gegndi formennsku í norrænu ráðherranefndinni árið 2019. Yfirskrift formennsku Íslands var *Gagnvegir góðir* og voru forgangsmál formennskunnar málefni ungs fólks, sjálfbær ferðaþjónusta í norðri og hafið.

Auk funda í nær öllum norrænu ráðherranefndunum, og fjölda annarra funda og verkefna á margvíslegum sviðum, voru haldnar þrjár ráðstefnur hér á landi í tengslum við formennskuárið, ráðstefna um framtíð vinnunnar, ungmennaráðstefna um sjálfbæra neyslu og ráðstefna um #metoo-hreyfinguna.





EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA




Árlegur sumarfundur norrænna forsætisráðherra fór fram 19.–21. ágúst á Íslandi og líkt og að ofan sagði var Angela Merkel kanslari Þýskalands sérstakur gestur fundarins en þá voru nítján ár síðan kanslari Þýskalands heimsótti Ísland síðast. Auk þess funduðu norrænu forsætisráðherrarnir með leiðtogum Álandseyja og Grænlands.

Meginþema sumarfundarins voru loftslags- og umhverfismál en á fundinum samþykktu norrænu forsætisráðherrarnir nýja framtíðarsýn norrænu ráðherranefndarinnar til næstu 10 ára um að Norðurlöndin verði sjálfbærasta svæði í heimi fyrir árið 2030.

Auk þess voru á dagskrá fundarins málefni Norðurslóða, staða mannréttindamála, alþjóða- og öryggismál og aukið samstarf Norðurlandanna og Þýskalands til að takast á við áskoranir á alþjóðavettvangi.

Norrænu forsætisráðherrarnir funduðu jafnframt með hópi norrænna forstjóra um sjálfbæra framtíð, Nordic CEOs for a Sustainable Future, og gáfu út viljayfirlýsingu um samstarf með það að markmiði að sporna gegn loftslagsbreytingum af mannavöldum og vinna að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Forsætisráðherra sótti Norðurlandaráðsþing, sem að þessu sinni fór fram í Stokkhólmi í lok október. Þar stýrði forsætisráðherra hefðbundnum fundi norrænna forsætisráðherra, þ.m.t. leiðtoga Álandseyja, Færeyja og Grænlands (N8) auk þess sem fundað var með fulltrúum ungmenna um sjálfbærni og loftslagsaðgerðir.



EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

# Helstu verkefni forsætisráðuneytisins á árinu 2019

## Efnahagsmál

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

# Tekjusagan – gagnagrunnur um þróun lífskjara

Í janúar var opnaður vefurinn Tekjusagan. is en þar er að finna upplýsingar um þróun ráðstöfunartekna og áhrif skatta og bóta. Vefurinn veitir aðgang að gagnagrunni um lífskjör landsmanna sem byggir á ópersónugreinanlegum upplýsingum úr skattframtölum allra einstaklinga á Íslandi frá árinu 1991.

Hægt er að skoða þróun ráðstöfunartekna mismunandi hópa, áhrif skatta og bóta auk félagslegs hreyfanleika. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem fást í Tekjusögunni geta stjórnvöld mótað stefnu á markvissari hátt en áður.

TEKJUSAGAN.IS




EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA



# Nefnd um bætur á úrvinnslu og nýtingu launatölfræðiupplýsinga skilar skýrslu

Í febrúar skilaði nefnd um bætur á úrvinnslu og nýtingu tölfræðiupplýsinga skýrslu um umbætur á þessu sviði. Nefndin var skipuð fulltrúum frá forsætisráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, velferðarráðuneyti, heildarsamtökum á vinnumarkaði, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Ríkissáttasemjara og Hagstofu Íslands.

Helstu niðurstöður og tillögur nefndarinnar eru eftirfarandi:

- Tekinn verði upp sambærilegur vettvangur samráðs milli aðila í aðdraganda kjarasamninga og tíðkast í Noregi.
- Komið verði á heildarsöfnun launaupplýsinga beint frá launagreiðendum. Nefndin leggur þó áherslu á að einnig sé mikilvægt að efla núverandi launarannsókn samhliða heildargagnasöfnun til að áhætta við breytta gagnasöfnun sé viðunandi og unnt verði að brúa bilið milli ólíkra gagna og tímaraða.
- Tilmælum beint til Hagstofu Íslands um að skoðað verði hvernig launavísitalan endurspegli hækkandi starfsaldur og aukna menntun. Niðurstöður greiningarinnar verði birtar opinberlega og brugðist við ef þær leiða í ljós bjögun á launavísitölunni.
- Hagstofan ljúki við að uppfæra íslenska starfaflokkunarkerfið, ÍSTARF95.
- Lögð er áhersla á mikilvægi þess að hafa áreiðanlegar upplýsingar um vinnutíma, sérstaklega unnar stundir.

Í samræmi við tillögur nefndarinnar var í maí undirritað samkomulag um kjaratölfræðinefnd.

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

# Aðgerðir ríkisstjórnarinnar til stuðnings lífskjarasamningum



Í apríl kynnti ríkisstjórnin yfirlýsingu sína vegna lífskjarasamninga aðila vinnumarkaðarins. Lagðar voru fram 45 aðgerðirnar sem eru víðtækar og stuðla að samfélagslegum umbótum fyrir allan almenning. Sérstaklega er horft til þess að styðja við ungt barnafólk og tekjulága.

Aðgerðirnar eru afrakstur samráðs stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins undanfarið ár.

- Heildarumfang á samningstímabilinu 80 milljarðar.
- Fæðingarorlof lengt í 12 mánuði.
- Samanlagt geta breytingar á tekjuskattskerfi og barnabótum aukið ráðstöfunartekjur fjögurra manna fjölskyldu um allt að 411 þúsund krónur á ári.
- Víðtækar aðgerðir í húsnæðismálum og uppbygging félagslegs húsnæðiskerfis.
- Dregið úr vægi verðtryggingar.
- Markvissar aðgerðir gegn félagslegum undirboðum.
- Barnabætur verði hækkaðar um 16% og dregið úr skerðingum barnabóta fyrir tekjulægri en skerðingarmörk fara þá frá árinu 2018 úr 242 í 325 þúsund krónur.
- Heimild til að ráðstafa megi 3,5% lífeyrisiðgjalds skattfrjálst til húsnæðiskaupa. Sambúðarfólk með samtals 650.000 í mánaðarlaun gæti svo dæmi sé tekið valið að nýta 273.000 krónur árlega skattfrjálst til öflunar húsnæðis.
- Heimild til að ráðstafa séreignarsparnaði inn á íbúðalán framlengd í tvö ár.
- Ríki og sveitarfélög munu stuðla að verðstöðugleika með því að hækka ekki gjaldskrár umfram 2,5% árið 2020 og minna ef verðbólga er minni.

Í kjölfarið var lagði forsætisráðherra fram áætlun um innleiðingu aðgerðanna 45.

LÍFSKJARASAMNINGARNIR

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

# Þjóðhagsráð tekur til starfa í breyttri mynd

Forsætisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Alþýðusamband Íslands, Bandalag háskólamanna, BSRB, Kennarasamband Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samtök atvinnulífsins og Seðlabanki Íslands undirrituðu þann 18. júní nýtt samkomulag um hlutverk og umgjörð Þjóðhagsráðs.

Markmið Þjóðhagsráðs er að styrkja samhæfingu hagstjórnar og ákvarðana á vinnumarkaði með hliðsjón af efnahagslegum og félagslegum stöðugleika og áhrifum á loftslagsmál. Þjóðhagsráð skal fjalla um stöðu í efnahags- og félagsmálum og ræða samhengi opinberra fjármála, peningastefnu og kjaramála í tengslum við helstu viðfangsefni hagstjórnar hverju sinni.

Þegar Þjóðhagsráð var stofnað fyrir þremur árum ákváðu heildarsamtök launþega að taka ekki þátt, m.a. vegna þess að Þjóðhagsráð átti ekki að fjalla um félagslegan stöðugleika. Samráðsfundir stjórnvalda og vinnumarkaðarins á þessu kjörtímabili hafa reynst árangursríkir og því hefur skapast betra traust til að vinna saman í Þjóðhagsráði. Ríkisstjórnin hefur samþykkt að Þjóðhagsráð ræði félagslegan stöðugleika og reyndar einnig áhrif loftslagsbreytinga á efnahag og samfélag.



EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA



# Átakshópur um aukið framboð á íbúðum og aðrar aðgerðir til að bæta stöðu á húsnæðismarkaði

Átakshópur um aukið framboð á íbúðum og aðrar aðgerðir til að bæta stöðu á húsnæðismarkaði var skipaður í byrjun desember 2018 og skilaði tillögum sínum í janúar 2019. Hópinn skipuðu fulltrúar heildarsamtaka á vinnumarkaði, fulltrúar sveitarfélaga og fulltrúar forsætis-, fjármála- og efnahags- og félagsmálaráðuneytis.

Að mati hópsins eru vísbendingar um að framboð á nýju húsnæði henti síður tekju- og eignalágum. Stór hluti lítilla íbúða sem eru í byggingu á höfuðborgarsvæðinu sé í hverfum þar sem fermetraverð er hvað hæst. Í þeim sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu þar sem fermetraverð er lægra virðist mest vera byggt af stærri íbúðum sem geta þar með síður talist hagkvæmar. Því sé nauðsynlegt að ráðast í aðgerðir til að auka framboð hagkvæmra íbúða á viðráðanlegu verði til leigu og eignar.

SKÝRSLA ÁTAKSHÓPS

Hópurinn lagði fram tillögur í eftirfarandi sjö flokkum. Tillögurnar eru 40 talsins og er að finna í skýrslu hópsins.

1. Almennar íbúðir – stækkun kerfisins með stofnframlögum og hærri tekjumörkum
2. Húsnæðisfélög – stuðningur við óhagnaðardrifin húsnæðisfélög
3. Leiguvernd – skýrari reglur á leigumarkaði án þess að það bitni á framboði
4. Skipulags- og byggingarmál – endurskoðun regluverks til einföldunar og rafvæðing stjórnsýslu
5. Samgönguinnviðir – hraðari uppbygging samgönguinnviða og almenningssamgangna
6. Ríkislóðir – ráðstöfun ríkislóða fyrir íbúðir, þar á meðal fyrir leigumarkað
7. Upplýsingamiðlun – samræmd söfnun og miðlun upplýsinga um húsnæðismál



EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA



# Velsældarmælikvarðar

Nefnd á vegum forsætisráðherra skilaði tillögum að 39 mælikvörðum fyrir hagsæld og lífsgæði á Íslandi í september 2019 og voru þeir kynntir á alþjóðlegri ráðstefnu um uppbyggingu velsældarhagkerfa í Reykjavík sem haldin var í samvinnu við fjármála- og efnahagsráðuneytið, Efnahags- og framfarastofnunina (OECD) og Wellbeing Economy Governments (WEGo).

Mælikvörðunum er ætlað að gefa góða yfirsýn yfir lykilþætti velsældar á Íslandi og vera mikilvægt tæki fyrir stefnumótun stjórnvalda. Þeir gefa fyllri mynd af velsæld en hefðbundnir efnahagslegir mælikvarðar, eins og landsframleiðsla, með því að mæla þætti sem hafa áhrif á daglegt líf fólks og heimila í landinu. Mælikvarðarnir taka mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, þeir byggja á opinberum hagtölum og eru samanburðarhæfir við önnur lönd.

Mælikvarðarnir til að meta hagsæld og lífsgæði landsmanna eru í þremur þáttum

1. Félagslegir þættir
2. Efnahagslegir þættir
3. Umhverfislegir þættir

Ísland hefur tekið virkan þátt í Wellbeing Economy Governments samstarfinu ásamt Skotum og Nýsjálendingum. Samstarfið samanstendur m.a. af reglulegum vinnufundum og var einn slíkur haldinn í Edinborg þar sem rætt var um áherslur og aðgerðir í málefnum er snerta barnafátækt, ferðaþjónustu og umhverfismál. Ríkin létu til sín taka á alþjóðvettvangi og voru nokkuð fyrirferðarmikil á ráðstefnu í París um velsældarhagkerfi sem OECD stóð fyrir. Leiðtogar ríkjanna þriggja áttu einnig tvíhliða fundi á árinu þar sem framtíð samstarfsins var m.a. til umfjöllunar.

TILLÖGUR AÐ 39 MÆLIKVÖRÐUM

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA




# Ný heildarlög um Seðlabanka Íslands

Eitt umfangsmesta verkefnið á sviði efnahagsmála var undirbúningur að sameiningu Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins. Leiðarljós vinnunnar var að efla traust, gagnsæi og skilvirkni við yfirstjórn efnahagsmála.

Markmið vinnunnar voru tvö:

- Að viðhalda verðbólgumarkmiði sem meginmarkmiði peningastefnunnar og sjálfstæði Seðlabankans og peningastefnunefndar hans til að beita stjórntækjum til að ná því en gera jafnframt viðeigandi breytingar sem efla traust og auka gagnsæi.
- Að sameina Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitið þannig að traust væri eflt og tryggð skilvirkni við framkvæmd þjóðhagsvarúðar og fjármálaeftirlits.

Forsætisráðherra mælti fyrir frumvarpi að nýjum heildarlögum um Seðlabanka Íslands í apríl og voru þau samþykkt frá Alþingi í júní. Nýtt skipulag tók gildi 1. janúar 2020. Helstu breytingarnar fólust í því að Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið voru sameinuð og að framvegis verði eftirlit með fjármálastarfsemi hjá Seðlabanka Íslands. Þá voru lagðar til breytingar á stjórnkerfi Seðlabankans, m.a. að þrjár nefndir taki ákvarðanir um beitingu valdheimilda Seðlabankans hvað varðar peningastefnu, fjármálastöðugleika og á sviði fjármálaeftirlits.

Með breytingunum er m.a. ætlað að ná fram aukinni samlegð með því að nýta starfsmenn beggja stofnana sameiginlega til að ná fram aukinni skilvirkni, skýrleika ábyrgðar, bæta stjórnsýslu við ákvarðanatöku, nýtingu upplýsinga og möguleika á auknum gæðum greiningar og yfirsýnar.

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

# Helstu verkefni forsætisráðuneytisins á árinu 2019

## Jafnréttismál

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA



# Jafnréttismál í forsætisráðuneytinu

Þann 1. janúar 2019 var málaflokkurinn jafnréttismál fluttur til forsætisráðuneytis.

Samkvæmt forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna innan Stjórnarráðsins nr. 119/2018 eru það málefni sem varða:

a. Jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
b. Jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna.
c. Jafna meðferð á vinnumarkaði.
d. Kynrænt sjálfræði.
e. Jafnréttisstofu.
f. Kærunefnd jafnréttismála.
g. Jafnréttissjóð Íslands.

Markmiðið með flutningi málaflokksins var að efla og samþætta jafnréttismál innan stjórnsýslunnar en jafnréttismál snerta starfssvið allra ráðuneyta og mörg fagráðuneyti fara með málaflokka sem geta haft mikil áhrif á stöðu og þróun jafnréttismála. Með stofnun sérstakrar skrifstofu jafnréttismála í forsætisráðuneytinu er gert ráð fyrir að styrkja málaflokkinn enn frekar og vinnur skrifstofan í samstarfi við önnur ráðuneyti til að tryggja samhæfingu og skilvirka framkvæmd.

Á skrifstofu jafnréttismála starfa, auk skrifstofustjóra, fjórir sérfræðingar sem sinna margvíslegum verkefnum. Auk þess fer skrifstofan með stefnumótun á sviði jafnréttismála, sinnir ýmiss konar alþjóðastarfi og hefur fyrirsvar fyrir hönd forsætisráðuneytisins gagnvart einstaklingum, hagsmunaaðilum og félagasamtökum á sviði jafnréttismála. Þá sinnir skrifstofa jafnréttismála almennri upplýsingagjöf til Alþingis og nefnda þingsins.

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA



# Jafnlaunavottun og kynbundinn launamunur

Lög um jafnlaunavottun tóku gildi 1. janúar 2018 og ná til fyrirtækja og stofnana með 25 starfsmenn eða fleiri að jafnaði á ársgrundvelli. Markmið með setningu laga um jafnlaunavottun er að tryggja konum og körlum sömu laun fyrir sömu vinnu og vinna þannig gegn kynbundnum launamun.

Alls höfðu 135 fyrirtæki og stofnanir öðlast jafnlaunavottun þann 31. desember 2019. Hjá þessum aðilum starfa um það bil 60 þúsund starfsmenn eða um 41% þess vinnuafls sem jafnlaunavottunarlögin áttu að taka til. Í árslok 2022 eiga öll fyrirtæki með fleiri en 25 starfsmenn að vera komin með jafnlaunavottun.

FYRIRTÆKI OG STOFNANIR MEÐ JAFNLAUNAVOTTUN

## Könnun á innleiðingu jafnlaunavottunar

Forsætisráðuneytið lét gera könnun um innleiðingarferli jafnlaunavottunar meðal þeirra 76 fyrirtækja og stofnana sem höfðu öðlast jafnlaunavottun fyrir 30. apríl 2019.

Niðurstaðan leiddi í ljós að þeir sem höfðu öðlast jafnlaunavottun voru almennt ánægðir með árangurinn. Innleiðing á jafnlaunastaðlinum hafði jafnvel haft víðtækari áhrif innan skipulagsheilda en eingöngu á launamálin, til dæmis með aukinni áherslu á jafnrétti og betra skipulagi mannauðsmála.

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

# Lagasetning í jafnréttismálum

## Endurskoðun jafnréttislaga

Forsætisráðherra skipaði í ágúst 2019 stýrihóp sem hefur það hlutverk að stýra vinnu við frumvarp til nýrra heildarlaga um jafnrétti kynjanna. Núgildandi lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla eru frá 2008 en þeim hefur verið breytt nokkrum sinnum, síðast árið 2017 vegna jafnlaunavottunar. Á þeim tíma sem liðinn er frá gildistöku laganna hafa komið fram ábendingar um atriði sem þarfnast frekari skoðunar og skerpa þarf á, til dæmis hvað varðar eftirlit og viðurlagaþátt laganna, framkvæmd jafnlaunavottunar auk fleiri atriða.

Fjórir starfshópar voru skipaðir í tengslum við endurskoðun laganna með þátttöku helstu hagsmunaaðila, sérfræðinga og samtaka sem láta sig jafnréttismál varða. Hver starfshópur fjallar um afmörkuð viðfangsefni laganna:

- **Starfshópur I**: Launajafnrétti og vinnumarkaður.
- **Starfshópur II**: Kærunefnd og viðurlagaákvæði.
- **Starfshópur III**: Stjórnsýsla jafnréttismála o.fl.
- **Starfshópur IV**: Bann við mismunun á grundvelli kyns.

Stefnt er að því að frumvarp til nýrra heildarlaga verði lagt fyrir Alþingi haustið 2020.



## Lög um kynrænt sjálfræði

Ný lög nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði voru samþykkt á Alþingi á árinu og fólu í sér mikla réttarbót fyrir trans og intersex fólk. Lögin kveða á um rétt einstaklinga til að skilgreina sjálfir eigið kyn og tryggja þannig að kynvitund hvers og eins njóti viðurkenningar. Staðfesting á rétti einstaklinga til að skilgreina sjálfir kyn sitt leiðir af sér réttinn til að breyta skráningu kyns í opinberum skrám og nafni sé þess þörf svo samræmist kynvitund viðkomandi.

Tveir starfshópar voru settir á laggirnar við meðferð málsins á Alþingi. Annar hópurinn fjallar um og skal gera tillögur um breytingar á öðrum lögum sem nauðsynlegar eru til að tryggja réttindi trans og intersex fólks. Hinn starfshópurinn fjallar um málefni barna sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni og skal gera tillögu að ákvæði sem fjallar um breytingar á kyneinkennum barna sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni.

## Reglugerð um beitingu dagsekta á grunni jafnréttislaga

Frá gildistöku jafnréttislaga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla hefur heimild Jafnréttisstofu til beitingu dagsekta aldrei verið beitt. Jafnréttisstofa óskaði eftir því við forsætisráðuneytið að fá skýra heimild til að beita dagsektum við brotum á jafnréttislögum til að stofnunin gæti sem best sinnt eftirlitshlutverki sínu.

Til að taka á óskýrleika heimildarákvæðisins var sett sérstök reglugerð nr. 933/2019 um beitingu dagsekta sem Jafnréttisstofa ákveður. Reglugerðin gildir um beitingu Jafnréttisstofu á dagsektum gagnvart eftirlitsskyldum aðilum samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008.

## Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum fyrir tímabilið 2020 – 2023

Forsætisráðherra lagði fram tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnar Íslands í jafnréttismálum og var hún samþykkt á Alþingi í árslok 2019. Áætluninni er ætlað að skilgreina stefnu stjórnvalda á hverjum tíma og lýsa verkefnum sem ýmist varpi ljósi á stöðu kynjanna eða feli í sér beinar aðgerðir í þágu kynjafnréttis.

Í framkvæmdaáætluninni eru 24 aðgerðir frá öllum ráðuneytum sem tengjast heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Er það í fyrsta sinn sem heimsmarkmiðin eru tengd með beinum hætti framkvæmdaáætlun stjórnvalda í jafnréttismálum.

FRAMKVÆMDAÁÆTLUN Í JAFNRÉTTISMÁLUM





EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA



# Kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni

Forsætisráðherra skipaði stýrihóp fimm ráðuneyta um heildstæðar úrbætur að því er varðar kynferðislegt ofbeldi í febrúar 2018. Meginhlutverk hópsins var að beita sér fyrir samhæfðum aðgerðum stjórnvalda gegn kynferðislegu ofbeldi og kynferðislegri og kynbundinni áreitni og að Ísland verði í fremstu röð í baráttunni gegn hvers kyns kynbundnu ofbeldi.

Á árinu 2019 voru þetta m.a. verkefni hópsins:

## Réttarstaða brotaþola

Efnt var til víðtæks samráðs með aðilum innan og utan réttarvörslukerfisins til að leita leiða til úrbóta hvað varðar réttarstöðu brotaþola. Meðal annars var leitað eftir sérfræðiráðgjöf og skilaði Hildur Fjóla Antonsdóttir réttarfélagsfræðingur greinargerð sem ber heitið *Réttlát málsmeðferð með tilliti til þolenda kynferðisbrota: Greinargerð um leiðir til að styrkja réttarstöðu brotaþola* til stýrihópsins í maí.

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA



## Heildarendurskoðun á forvörnum og fræðslu

Skipuð var ráðgefandi nefnd um mótun stefnu í forvörnum og fræðslu með það að markmiði að útrýma kynferðislegu ofbeldi, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og öðru kynbundu ofbeldi. Nefndin vann drög að þingsályktunartillögu um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni ásamt áætlun fyrir árin 2021–2025. Þingsályktunartillaga forsætisráðherra var samþykkt af alþingi árið 2020.

## #metoo #églíka

Stýrihópurinn vann skýrslu um viðbrögð Stjórnarráðsins sem atvinnurekanda undir heitinu *#MeToo og Stjórnarráð Íslands sem vinnustaður*. Í skýrslunni eru gerðar sex tillögur til úrbóta og var þeim skilað til ríkisstjórnar. Þá stóð stýrihópurinn fyrir alþjóðlegri ráðstefnu um áhrif #MeToo-bylgjunnar í Hörpu 17.–19. september 2019.

## Stafrænt kynferðisofbeldi / kynferðisleg friðhelgi

Við mótun á stefnu um aðgerðir gegn stafrænu kynferðisofbeldi leitaði stýrihópurinn ráðgjafar Maríu Rúnar Bjarnadóttur lögfræðings til að vinna að tillögum um aðgerðir. Greinargerðinni *Kynferðisleg friðhelgi – ábendingar og tillögur til úrbóta* var skilað til hópsins í nóvember 2019 og var í kjölfarið kynnt fyrir ráðherranefnd um jafnréttismál.

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA



# Jafnréttissjóður Íslands

Jafnréttissjóður Íslands var stofnaður í tilefni af 100 ára kosningarréttarafmæli íslenskra kvenna 19. júní 2015 til fimm ára. Árið 2019 bárust 76 umsóknir og úthlutað var styrkjum til 17 verkefna og rannsókna að upphæð alls 91 milljónar króna.

Þrjú verkefni hlutu hvert um sig 9 milljóna króna styrk. Tinna Laufey Ásgeirsdóttir prófessor í hagfræði hlaut styrk til verkefnisins *Verðmat miska vegna kynferðislegrar áreitni*, Stígamót hlaut styrk vegna verkefnisins *Sjúk ást* sem er forvarnaverkefni gegn ofbeldi og beinist að ungu fólki á aldrinum 13–20 ára og Silja Bára Ómarsdóttir hlaut styrk til rannsóknarinnar *Árangur gegn alþjóðlegu bakslagi – þungunarrof á Íslandi og Írlandi*.

JAFNRÉTTISSJÓÐUR ÍSLANDS

# Jafnréttisráð

Ráðið veitir árlega, í samstarfi við ráðherra jafnréttismála, jafnréttisviðurkenningu þeim einstaklingi, fyrirtæki, stofnun eða samtökum sem hafa sýnt sérstaka framtakssemi á sviði jafnréttismála.

Jafnréttisviðurkenningu hlutu að þessu sinni Rótin – félag um málefni kvenna með áfengis og fíknivanda, Rauðsokkahreyfingin og Knúz – femínískt vefrit, sem fékk fjölmiðlaviðurkenningu.

Jafnréttisráð starfaði undir formennsku Silju Báru Ómarsdóttur á árinu.

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

# Helstu verkefni forsætisráðuneytisins á árinu 2019

## Ýmis verkefni

EFNISYFIRLIT

ÁVARP RÁÐHERRA

STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA



# Samfélag framtíðar, vísindi, nýsköpun og tækni

## Framtíðarnefnd

Skýrsla framtíðarnefndar forsætisráðherra um þróun atvinnulífs, umhverfis, byggðar og lýðfræðilegra þátta kom út síðla árs 2019. Fram kemur í skýrslunni að gera megi ráð fyrir miklum breytingum á komandi áratugum.

Sviðsmyndir gefa til kynna stöðuga aukningu ferðamanna fram til ársins 2040 þrátt fyrir tímabundna fækkun á þessu ári. Einnig má búast við fjölgun fólks sem er af erlendu bergi brotið á Íslandi, að íslensk hugbúnaðarframleiðsla muni styrkjast, að aukning verði í framleiðslu matvæla í gróðurhúsum og að sjálfvirknivæðing muni allt að fjórfaldast en Ísland verði þó eftirbátur annarra Norðurlanda á því sviði.

Einnig kemur fram að þær breytingar sem fram undan eru geti leitt til ólíkra sviðsmynda í framtíðinni eftir því hvernig við þeim verður brugðist. Í skýrslunni má greina hvaða ytri drifkraftar eru líklegir til að hafa veruleg áhrif á þróun íslensks samfélags á komandi áratugum, bæði með jákvæðum og neikvæðum afleiðingum. Viðbrögð stjórnvalda og úrvinnsla innri drifkrafta komi til með að ráða miklu um það hvernig samfélagið muni þróast. Í vinnu gagnvart þeim drifkröftum sem vega hvað þyngst í umfjöllun í skýrslunni er lögð áhersla á sveigjanleika – sveigjanleika í hagkerfinu, menntun og starfi, búsetu og vali á lifnaðarháttum.

Fram kemur í skýrslunni að framtíðarnefndin telji mikilvægt að stjórnvöld taki mið af þessum niðurstöðum við stefnumótun og lagasetningu á komandi árum, með hliðsjón af því að smáar breytingar í nútíð geti dregið úr þörf á stórum breytingum í framtíðinni.

FRAMTÍÐARNEFND FORSÆTISRÁÐHERRA

SKÝRSLA FRAMTÍÐARNEFNDAR FORSÆTISRÁÐHERRA

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA



# Ísland og fjórða iðnbyltingin

Skýrsla nefndar forsætisráðherra um Ísland og fjórðu iðnbyltinguna var kynnt á árinu. Í skýrslunni kemur fram að íslenskt samfélag standi frammi fyrir bæði tækifærum og ógnum gagnvart komandi breytingum og mikilvægt er að umræða um þær eigi sér stað í öllum lögum samfélagsins.

Í skýrslunni er tekið mið af þeirri alþjóðlegu umræðu sem nú fer fram um fjórðu iðnbyltinguna og þá er einnig greining á mögulegum áhrifum sjálfvirknivæðingar á íslenskan vinnumarkað sem nefndin vann með aðstoð Hagstofunnar og Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD). Enn fremur er fjallað um niðurstöður nefndarinnar um mörg þau álitamál sem vakna þegar fjórða iðnbyltingin er rædd.

Helstu niðurstöður skýrslunnar eru:

- Ný tegund sjálfvirknivæðingar leiðir til uppbrots og verulegar breytingar á vinnumarkaði eru í vændum
- Stjórnvöld gegna mikilvægu hlutverki við að sjá til þess að gæðum af völdum tæknibreytinga verði skipt með sanngjörnum hætti
- Ísland er tæknilega vel í stakk búið til að taka þátt í fjórðu iðnbyltingunni
- Opinber stefna hefur mikil áhrif á hvernig samfélög aðlagast og nýta sér tækni
- Stuðningur við færni í grunntækni vegna þeirra breytinga sem framundan eru
- Uppbrot vegna tæknibreytinga fjórðu iðnbyltingarinnar skapar siðferðileg álitamál; tækniþróun er ekki siðferðilega hlutlaus

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA



# Vísinda- og tækniráð

Forsætisráðherra leiddi starf Vísinda- og tækniráðs og var unnið að framkvæmd stefnu og aðgerðaáætlunar ráðsins fyrir árin 2017–2019.

Grænbók um fjárveitingar til háskóla var kynnt á árinu sem er þáttur í stefnu ráðsins um að endurskoða gæði, skilvirkni og fjármögnun háskóla.

Einnig var lokið við úttekt á skattalegu umhverfi rannsókna og nýsköpunar. Í úttektinni kemur fram að stuðningur til fyrirtækja vegna rannsóknar- og þróunarkostnaðar hefur aukist umtalsvert frá árinu 2010 og var um 3,6 milljarðar kr. árið 2019. Úttekt á mati á stuðningsumhverfi atvinnulífs var tekin til umfjöllunar en hún er hluti af vinnu við nýsköpunarstefnu fyrir Ísland sem kynnt var haustið 2019. Aðgerðaáætlun Vísinda- og tækniráðs fyrir árin 2017–2019 er vel á veg komin og mun síðustu aðgerðunum ljúka á árinu 2020.

VÍSINDA OG TÆKNIRÁÐ

GRÆNBÓK UM FJÁRVEITINGAR TIL HÁSKÓLA

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA



# Endurskoðun stjórnarskrár

Vinna við endurskoðun stjórnarskrár hélt áfram á árinu og voru haldnir ellefu fundir formanna allra flokka sem eiga sæti á Alþingi um efnið Víðtækt samráð var haft við almenning í tengslum við vinnuna á árinu.

Drög að tveimur stjórnarskrárákvæðum voru birt í samráðsgátt í maí 2019. Voru þau birt með eftirfarandi bókun frá formönnum flokkanna:

*„Formenn þeirra flokka sem nú sitja á Alþingi hafa átt fundi frá upphafi árs 2018 um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Þar hafa ýmis ákvæði komið til skoðunar. Vinna við þessi tvö frumvörp sem hér eru birt til samráðs er nú komin það langt áleiðis að rétt er að leita álits og athugasemda frá almenningi um efni þeirra í samráðsgátt stjórnvalda.*

*Áréttað er að birting í samráðsgátt á þessu stigi felur ekki í sér skuldbindingu af hálfu formanna flokkanna til að standa að framlagningu frumvarpanna í þessari mynd á Alþingi.*

*Einnig er vakin athygli á því að samráðsgátt stjórnvalda er einungis eitt af þeim verkfærum sem nýtt verða til samráðs við almenning. Fram undan er frekara almenningssamráð um önnur mál, m.a. með rökræðukönnun sem lagt er til að verði síðar á þessu ári.“*

Umsagnir bárust frá 28 aðilum um drög að ákvæði um auðlindir náttúru Íslands en 12 umsagnir bárust um drög að ákvæði um umhverfisvernd.

UMSAGNIR UM AUÐLINDIR Í NÁTTÚR ÍSLANDS
UMSAGNIR UM UMHVERFISVERND

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA



# Rökræðukönnun á viðhorfum almennings til stjórnarskrárinnar

Þá var Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands falið að framkvæma rökræðukönnun á viðhorfum almennings til stjórnarskrárinnar. Rökræðukönnunin skiptist í sex meginþætti.

Fyrst var könnun lögð fyrir tilviljunarúrtak úr þjóðskrá og viðhorfshóp stofnunarinnar sumarið 2019. Í nóvember sama ár var þátttakendum í könnuninni boðið að taka þátt í umræðufundi og þeir sem þáðu boðið fengu sendar upplýsingar um málefni fundarins.

Í upphafi umræðufundar var önnur viðhorfskönnun lögð fyrir þátttakendur til að kanna viðhorf þeirra til málefnanna en því næst var þeim skipt í hópa sem ræddu málefnin skipulega undir stjórn umræðustjóra. Á fundinum gafst þátttakendum jafnframt tækifæri til að bera upp spurningar um hvert málefni við sérfræðinga. Í lok fundar var þriðja viðhorfskönnunin lögð fyrir þátttakendur í því skyni að kanna hvort viðhorf þeirra hefðu breyst við nánari skoðun og umræður fundarins.

Nálgast má fundargerðir funda formanna ásamt minnisblöðum og samantektarskjali um vinnuna á stjornarskra.is.

STJORNARSKRA.IS

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

# Samráðsgátt

**Samráðsgáttin var opnuð í febrúar 2018 og hefur fest sig í sessi sem mikilvægur vettvangur fyrir samtal stjórnvalda, hagsmunaaðila og almennings. Á árinu 2019 varð umtalsverð aukning á fjölda mála, heimsóknum og umsögnum.**

Heimsóknir voru u.þ.b. 194.000 og mál til samráðs tæplega 300 en á árinu 2018 voru heimsóknir u.þ.b. 66.600 og mál til samráðs rúmlega 200.

Stjórnarfrumvörp sem urðu að lögum 2019 höfðu í 76% tilvika (76 frv. af 100) verið birt sem drög til opins samráðs á fyrri stigum. Á árinu 2018 var þetta hlutfall 57% (52 frv. af 91). Fjárlög, fjáraukalög og staðfesting ríkisreiknings eru hér undanskilin. Á árinu 2019 bárust langsamlega flestar umsagnir um málið Staðartími á Íslandi – stöðumat og tillögur (nr. S-4/2019) eða 1.558, sem er metþátttaka.

Markmið samráðsgáttarinnar er að auka gagnsæi og möguleika almennings og hagsmunaaðila á þátttöku í stefnumótun, reglusetningu og ákvarðanatöku opinberra aðila. Þar er á einum stað hægt að finna öll mál ráðuneyta sem birt hafa verið til samráðs við almenning. Á árinu 2019 hefur samráðsgáttin jafnframt í vaxandi mæli verið nýtt af samtökum sveitarfélaga, í samvinnu við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið. Öllum er frjálst að senda inn umsögn eða ábendingu. Nauðsynlegt er að skrá sig inn með Íslykli eða rafrænni auðkenningu, enda birtast umsagnir að meginreglu jafnóðum. Umsagnir eru birtar á ábyrgð sendanda sem skráður er fyrir efninu. Umsjón með samráðsgáttinni er samstarfsverkefni forsætisráðuneytis, dómsmálaráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis.

Tekið skal fram að til viðbótar við opið samráð á netinu geta verið annars konar samráðsferlar, svo sem þátttaka helstu hagsmunaaðila í nefndarstarfi á vegum ráðuneyta eða sérstakt boð til þeirra um umsögn.

SAMRADSGATT.IS

**112**
Drög að frumvarpi til laga

**68**
Drög að reglugerð

**66**
Áform

**9**
Drög að stefnu

**44**
Annað

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

# Loftslagsmál

Loftslagsmál eru eitt stærsta forgangsmál ríkisstjórnarinnar og varðar öll ráðuneyti í Stjórnarráði Íslands. Af þeim sökum var aðstoðarmanni ríkisstjórnarinnar falið að vera sérstakur fulltrúi ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum að tillögu forsætisráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra. Forsætisráðuneytið hefur í gegnum hennar störf því haft það hlutverk að annast samhæfingu loftslagsmála, tryggja yfirsýn yfir verkefnið í heild sinni og annast eftirfylgni með framgangi loftslagsmála í heild, í samræmi við sáttmála ríkisstjórnarinnar.

## Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum

Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018–2030 var kynnt í fyrstu útgáfu 10. september 2018. Markmiðið með áætluninni er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og stuðla að aukinni kolefnisbindingu þannig að Ísland geti staðið við markmið Parísarsamningsins til 2030 og markmið ríkisstjórnarinnar um kolefnishlutleysi árið 2040.

Unnið hefur verið að annarri útgáfu áætlunarinnar og hefur umhverfis- og auðlindaráðuneytið leitt þá vinnu en starfandi er sérstök verkefnisstjórn til að vinna að gerð hennar.

Ný útgáfa áætlunarinnar kom út í júní 2020 og leiddi umhverfis- og auðlindaráðuneytið þá vinnu en starfandi er sérstök verkefnisstjórn til að vinna að gerð hennar.

## Grænvangur

Samstarfsvettvangur stjórnvalda og atvinnulífs um loftslagsmál og grænar lausnir var formlega stofnaður í lok maí 2019 og hefur vettvangurinn fengið heitið Grænvangur.

Hlutverk Grænvangs er að efla samstarf atvinnulífs og stjórnvalda við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og styðja við markmið um kolefnishlutlaust Ísland árið 2040. Grænvangur vinnur með íslenskum fyrirtækjum að markaðssetningu grænna lausna á alþjóðamarkaði undir merkjum Green by Iceland og kynnir framlag Íslands í loftslagsmálum innanlands og utan.

GRÆNVANGUR

Helstu verkefni vettvangsins eru:

- Kynning á fjölbreyttu framlagi Íslands til loftslagsmála til þessa sem og markmið og stefnu til framtíðar.
- Að tryggja virkt samstarf stjórnvalda og atvinnulífs um aðgerðir í loftslagsmálum, þar með talið um kolefnishlutleysi árið 2040.
- Stuðningur við markaðs- og viðskiptaþróunarstarf fyrirtækja tengt loftslagsmálum. Íslenskum lausnum varðandi nýtingu endurnýjanlegrar orku verður meðal annars miðlað og unnið að auknum útflutningi vöru, hugvits og lausna sem byggja á íslenskri orkuþekkingu og grænum lausnum.

Unnur Brá Konráðsdóttir og Sigurður Hannesson fara saman með formennsku í stjórn Grænvangs og Íslandsstofa annast rekstur vettvangsins.





EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

# Loftlagsstefna Stjórnarráðsins

Loftslagsstefna Stjórnarráðsins var samþykkt í ríkisstjórn í apríl 2019. Stefnan tekur til allra ráðuneyta Stjórnarráðsins og Rekstrarfélags Stjórnarráðsins auk þess sem gerðar eru kröfur til ríkisstofnana um aðgerðir í loftslagsmálum.

Markmiðið með loftslagsstefnunni er að Stjórnarráðið verði til fyrirmyndar í loftslagsmálum og bindi meiri koltvísýring en það losar. Dregið verður úr losun gróðurhúsalofttegunda í allri starfsemi Stjórnarráðsins auk þess sem öll losun verður kolefnisjöfnuð við árslok 2019 og meira til. Stjórnarráðið mun jafnframt draga úr losun sinni á CO2 samtals um 40% til ársins 2030 með því að leggja sérstaka áherslu á eftirfarandi þætti í starfsemi ráðuneyta:

- flugferðir erlendis og innanlands með áherslu á fjarfundi og breytt vinnulag.
- ferðir starfsmanna til og frá vinnu með vistvænum samgöngum.
- akstur á vegum ráðuneyta – með endurnýjun eigin bifreiða og kröfum til bílaleiga og leigubíla um bifreiðar án jarðefnaeldsneytis.
- úrgang – með minni sóun og aukinni flokkun.
- orkunotkun – með orkusparnaðaraðgerðum.
- máltíðir í mötuneytum.

Loftslagsstefnan gildir til ársins 2030 og er ekki einungis ætlað að hafa bein áhrif á þá starfsemi sem undir hana fellur heldur einnig margfeldisáhrif. Loftslagsstefnu Stjórnarráðsins fylgir aðgerðaáætlun fyrir árin 2019–2021 en við vinnslu stefnunnar gripu ráðuneytin strax til fjölbreyttra aðgerða.

Skipaður hefur verið tengiliðahópur loftslagsfulltrúa allra ráðuneyta til að innleiða stefnuna en sérstakur verkefnisstjóri vann að verkefninu á árinu.

LOFTLAGSSTEFNA STJÓRNARRÁÐSINS

# Græn skref

Forsætisráðuneytið náði á árinu fimmta og síðasta skrefinu í verkefninu Græn skref í ríkisrekstri.

Vinnan heldur þó áfram innan ráðuneytisins og árangri þannig viðhaldið. Sem dæmi um þær breytingar sem átt hafa sér stað:

- Enginn einnota borðbúnaður
- Minni notkun á heitu vatni
- Áhersla lögð á fjarfundi í stað ferðalaga
- Hlutfall samgöngusamninga fór úr 21% í 31%
- Endurvinnsluhlutfall fór úr 24% í 55%
- Flokkaður úrgangur jókst um 227%
- Óflokkaður úrgangur minnkaði um 76%
- Heildarúrgangur minnkaði um 23%

Útblástur CO2 vegna flugferða var á árinu 2019 0,71 tonn á stöðugildi og jókst á milli ára um 0,07 tonn á stöðugildi. Skýring þess er flutningur málaflokks jafnréttismála til ráðuneytisins sem og mikil alþjóðasamskipti á árinu.



EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

# Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og ungmennaráð HMSÞ

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun krefjast þátttöku og samstarfs milli ólíkra hagsmunaaðila. Þau mynda jafnvægi milli þriggja stoða sjálfbærrar þróunar – hinnar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu – og taka til innanlandsmála sem og alþjóðasamstarfs.

Verkefnið er leitt af forsætisráðuneytinu í nánu samstarfi við utanríkisráðuneytið en í verkefnastjórninni sátu fulltrúar allra ráðuneyta, Hagstofu Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga og áheyrnarfulltrúar fyrir Félag Sameinuðu þjóðanna og ungmennaráð heimsmarkmiðanna. Í vinnunni er lögð áhersla á að samþætta markmiðin við alla stefnumótun stjórnvalda.

Einnig á sér stað viðamikil gagnaöflun en Hagstofa Íslands opnaði á árinu vef með upplýsingum um mælikvarða sem skilgreindir eru af Sameinuðu þjóðunum. Þá er jafnframt lögð áhersla á almennt kynningarstarf sem og samstarf við ólíka hagsmunaaðila um markmiðin..

## Stöðutaka á vettvangi Sameinuðu þjóðanna

Forsætisráðherra kynnti í júlí stöðu Íslands í innleiðingu heimsmarkmiðanna á ráðherrafundi hjá Sameinuðu þjóðunum. Auk ráðherra fluttu fulltrúar ungmennaráðs heimsmarkmiðanna og CarbFix ávarp. Var þetta í fyrsta skipti sem Ísland hélt slíka kynningu en samhliða henni var jafnframt gefin út landsrýniskýrsla um innleiðingu íslenskra stjórnvalda á heimsmarkmiðunum á innlendum og erlendum vettvangi. Í skýrslunni, sem fór í samráðsgátt stjórnvalda fyrir útgáfu, var lögð sérstök áhersla á ungmenni í ljósi þess að þau munu taka við keflinu þegar gildistími heimsmarkmiðanna rennur sitt skeið.

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

## Ungmennaráð heimsmarkmiðanna

Ungmennaráð heimsmarkmiðanna var skipað vorið 2018 af tólf fulltrúum á aldrinum 13–18 ára víðs vegar að af landinu. Hlutverk ráðsins er að vekja athygli almennings á heimsmarkmiðunum og sjálfbærri þróun og jafnframt veita stjórnvöldum ráðgjöf við innleiðingu markmiðanna. Ungmennaráðið fundar sex sinnum á ári en á þess á milli í rafrænum samskiptum. Á árlegum fundi með ríkisstjórn í mars lagði ráðið fram áherslur sínar um nývæðingu menntakerfisins, andlega líðan ungmenna, stöðvun á frekari stóriðju, samhæfingu flokkunarkerfisins og endurheimt votlendis.

## Vefsíða og upplýsingagátt

Á árinu var opnuð vefsíðan heimsmarkmidin.is. Þar var jafnframt opnuð upplýsingagátt sem gefur einstaklingum, félagasamtökum, fyrirtækjum, stofnunum og öðrum tækifæri til þess að setja inn verkefni sín sem stuðla að framgangi heimsmarkmiðanna. Gáttin er þannig opinber vettvangur til upplýsingamiðlunar hagsmunaaðila um markmiðin sem vonast er til að veita muni innblástur og stuðla að aukinni samvinnu um þau.

HEIMSMARKMIDIN.IS




EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA



# Þjóðaröryggisráð

Forsætisráðherra er formaður þjóðaröryggisráðs og veitir forsætisráðuneytið ráðinu alla nauðsynlega starfsaðstöðu og aðstoð við störf þess. Ráðið er vettvangur víðtæks samráðs og samhæfingar um þjóðaröryggismál og hefur eftirlit með því að þjóðaröryggisstefna sé framkvæmd í samræmi við ályktun Alþingis.

Ráðið leggur mat á ástand og horfur í öryggis- og varnarmálum og fjallar um mörg önnur málefni sem snerta þjóðaröryggi. Þjóðaröryggisráð beitir sér fyrir opinni og lýðræðislegri umræðu um þjóðaröryggismál og eflingu fræðslu og upplýsingagjafar um þau mál.

Á árinu 2019 hélt ráðið þrjá reglulega fundi og einn sérstakan fund í kjölfar afleiðinga ofsaveðurs í lok ársins. Á reglulegum fundum ráðsins er fjallað um þau mál sem efst eru á baugi hverju sinni og varða framkvæmd þjóðaröryggisstefnunnar eða kunna að hafa áhrif á stefnuna og framkvæmd hennar.

Boðað var til sérstaks fundar þjóðaröryggisráðs í desember 2019 vegna afleiðinga ofsaveðurs sem gekk yfir landið í þeim mánuði. Þótti ráðlegt að boða þjóðaröryggisráð saman og fara yfir stöðuna í samræmi við ákvæði 2. mgr. 6. gr. laga um þjóðaröryggisráð, nr. 98/2016, þar sem segir að forsætisráðherra skuli boða til fundar þjóðaröryggisráðs „ef þeir atburðir hafa orðið eða eru yfirvofandi sem ætla má að hafi áhrif á þjóðaröryggi“. Þetta var í fyrsta skipti sem slíkur fundur er haldinn.

Á vefsvæði þjóðaröryggisráðs er að finna upplýsingar um ráðið og þjóðaröryggisstefnuna, auk ítarefnis um öryggis- og varnarmál, þ.e. innlendar og erlendar áhættumatsskýrslur og hugveitur og streymi frá málþingum og fundum á vegum ráðsins.

ÞJÓÐARÖRYGGISRÁÐIÐ

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA



## Sérstök málefni sem rædd voru á fundum ráðsins á árinu 2019

- Lýðræðisleg framkvæmd kosninga og lögmæt meðferð persónuupplýsinga í aðdraganda þeirra.
- Innleiðing 5G-fjarskiptastaðalsins og öryggissjónarmið varðandi birgjakeðju fjarskiptabúnaðar og annars tæknibúnaðar.
- Viðbúnaður vegna mögulegs eldgoss í Öræfajökli og viðbúnaður í dreifbýli vegna almannavarnavár og hópslysa.
- Umfjöllun um undirbúning faglegrar rýni á almannavarnakerfinu og hvað megi betur fara til þess að takast á við nýjar áskoranir.
- Framkvæmd rafrænnar smágreiðslumiðlunar og nauðsyn óháðrar innlendrar smágreiðslulausnar með vísan til þjóðaröryggis.
- Vinna á vettvangi Norðurlandaráðs um sameiginlegar áherslur á sviði samfélagslegs öryggis.
- Staðan í öryggis- og varnarsamstarfi við önnur ríki, ekki síst á vettvangi samstarfs á Norðurlöndum.
- Helstu áskoranir hvað varðar skipulagða glæpastarfsemi.

## Önnur helstu verkefni ársins

- Unnið var að gerð skýrslu um mat þjóðaröryggisráðs á ástandi og horfum í þjóðaröryggismálum, sem var rætt á fundi ráðsins í febrúar 2020 og samþykkt. Í ljósi heimsfaraldurs COVID-19 og afleiðinga hans var skömmu síðar ákveðið að tillögu stýrihóps þjóðaröryggisráðs að taka matið til nýrrar skoðunar og uppfærslu.
- Unnið var að skýrslu um öryggi fjarskiptatenginga við útlönd sem rædd var á fundi ráðsins í febrúar 2020.
- Gerður var verksamningur við Hagstofu Íslands um mótun þjóðaröryggisvísa og er stefnt að birtingu síðar á árinu 2020 á vef Hagstofunnar.
- Tveir morgunfundir voru haldnir um fjölþáttaógnir í september 2019. Á fyrri fundinum var sjónum beint að fjölþáttaógnum og lýðræði en á seinni fundinum var fjallað um tækni og grunngildi.
- Forsætisráðherra og formaður þjóðaröryggisráðs átti einn fund með utanríkismálanefnd á árinu 2019. Stefnt er að því að slíkir fundir verði haldnir með reglulegum hætti.

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

# Viðbygging við Stjórnarráðshúsið

Fyrsti áfangi framkvæmda vegna viðbyggingar við Stjórnarráðshúsið hófst síðsumars 2019. Hluti lóðarinnar var girtur af og var upplýsingum um sögu staðarins ásamt myndum komið fyrir á girðingum. Að girðingavinnu lokinni hófst fornleifagröftur. Stefnt er að því að þessum fyrsta áfanga af þremur við fornleifagröft verði lokið í febrúar 2020 og að fornleifagreftri ljúki þá um haustið.

Á meðan þessar framkvæmdir hafa staðið yfir hefur Framkvæmdasýsla ríkisins unnið að samantekt gagna sem verða hluti af forsendum hönnunarsamnings við arkitekta hússins, Kurt og PÍ ehf. sem hlutu fyrsta sætið í hönnunarsamkeppni sem haldin var árið 2018. Þessi vinna Framkvæmdasýslu ríkisins er unnin í samvinnu við stýrihóp verkefnisins, Ríkislögreglustjóra og Reykjavíkurborg.

Samantektin nær m.a. til öryggismála viðbyggingarinnar, lóðar, lóðarmarka og næsta umhverfis, umferðar í nálægð við Stjórnarráðshúsið, umferðaleiðir, stöðvar borgarlínu o.fl.

Áætlanir nú gera ráð fyrir að hönnun viðbyggingarinnar verði lokið í ágúst 2021 og að byggingarframkvæmdum ljúki haustið 2023. Framkvæmdasýsla ríkisins annast umsjón með verkefninu fyrir hönd forsætisráðuneytisins í samræmi við lög um opinberar framkvæmdir.

VIÐBYGGING VIÐ STJÓRNARRÁÐSHÚSIÐ

SKIPULAG Á STJÓRNARRÁÐSREIT





EFNISYFIRLIT

ÁVARP RÁÐHERRA

STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA



# Gæði lagasetningar

Á skrifstofu löggjafarmála í forsætisráðuneytinu vinnur teymi lögfræðinga og skjalalesara, þ.e. sérfræðinga í íslensku máli og ritstjórn, að bættri lagasetningu og gæðaeftirliti með stjórnarskjölum, þ.e. frumvörpum og þingsályktunartillögum sem ráðherrar leggja fram á Alþingi. Þar er um að ræða öll lagafrumvörp og þingsályktunartillögur sem ríkisstjórnin leggur fyrir Alþingi auk ýmissa skýrslna og annarra skjala.

Á árinu 2019 bárust skrifstofu löggjafarmála 142 frumvörp til yfirlestrar og 34 þingsályktunartillögur auk annarra þingskjala. Þetta er örlítil aukning frá fyrra ári en þá bárust 137 frumvörp og 37 þingsályktunartillögur. Teymi skjalalesara og lögfræðinga skiptir þannig með sér verkum í yfirlestrinum að lögfræðingarnir sinna ákveðnum málaflokkum og hefur hver lögfræðingur umsjón með tilteknu ráðuneyti en skjalalesarar fara jafnt yfir öll stjórnarskjöl.

Verklagið við yfirlestur hvað varðar lagafrumvörp er þannig að þegar stjórnarskjal berst skrifstofunni er það fyrst skráð í málaskrá og því úthlutað til lögfræðings og skjalalesara. Fyrsti lestur er yfirleitt gerður af skjalalesara en síðan tekur lögfræðingur við. Að því búnu er skjal sent aftur í ráðuneyti með athugasemdum og leiðréttingum og tillögum til úrbóta. Þegar tekið hefur verið tillit til þessa berst skjalið aftur til skrifstofu löggjafarmála og þá er farið yfir úrvinnsluna og hvernig hefur verið brugðist við athugasemdum. Oft geta skjöl gengið þannig fram og til baka milli fagráðuneytis og skrifstofu löggjafarmála meðan verið er að vinna að betrumbótum á frumvarpi. Ferlinu lýkur með því að skrifstofan gefur umsögn um frumvarp sem fylgir því til ríkisstjórnar. Ferlið við þingsályktunartillögur er ögn einfaldara en þar er ekki gefin sérstök umsögn skrifstofu löggjafarmála.

**142**
Frumvörp

**34**
Þingsályktunartillögur

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA



# Þjóðlendur

Í lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, er fjallað um hvernig fara skuli með þjóðlendur. Þar með taldar eru leyfisveitingar vegna nýtingar lands og landsréttinda innan þeirra og meðferð þess fjár sem fellur til og tengist þeirri nýtingu.

Forsætisráðherra fer með þau verkefni sem almennt falla í hlut landeigenda að fjalla um og sinnir jafnframt öðrum stjórnsýsluskyldum, lögum samkvæmt.

Stefna um samþykki fyrir nýtingu lands og landsréttinda í þjóðlendum var gefin út í febrúar 2019. Stefnan tekur mið af annarri stefnumörkun sem fyrir liggur og leitast við að dýpka þau stef og sjónarmið sem þar er að finna.

Þá lagði ráðherra fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.

Á árinu tók ráðherra formlega við námusvæðinu að Bolöldum þar sem viðamikil frágangsvinna hefur staðið yfir og var það í fyrsta skipti sem frágangur á svo umfangsmiklu námusvæði fer fram hér á landi.

**211** erindi bárust

- **14** erindi um afmörkun lóða undir skála
- **14** leyfi til framkvæmda
- **62** umsagnir um skipulagstillögur
- **16** beiðnir um aðgang að upplýsingum um þjóðlendislínur
- **13** umsóknir um stofnun þjóðlendna í fasteignaskrá
- **12** erindi um þinglýsingar
- **8** grunnsamkomulög að lóðum og drög að þeim

STEFNA UM SAMÞYKKI FYRIR NÝTINGU LANDS OG LANDSRÉTTINDA Í ÞJÓÐLENDUM

FRUMVARP TIL BREYTINGU Á LÖGUM UM ÞJÓÐLENDUR

FRÉTT UM VIÐTÖKU NÁMUSVÆÐIÐ BOLÖLDU

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA



# Lagabreytingar

Á árinu 2019 lagði forsætisráðherra fram þrjú frumvörp á Alþingi sem eiga rætur að rekja til vinnu nefndar um umbætur á löggjöf á sviði tjáningar-, fjölmiðla- og upplýsingafrelsis. Þann 11. júní 2019 voru tvö þeirra samþykkt, annað um breytingar á stjórnsýslulögum og hitt um breytingar á upplýsingalögum.

## Tjáningarfrelsi og þagnarskylda opinberra starfsmanna

Með lögum nr. 71/2019 var nýjum X. kafla, um tjáningarfrelsi og þagnarskyldu opinberra starfsmanna, bætt við stjórnsýslulög, nr. 37/1993. Meginmarkmið breytinganna var að skýrara yrði til hvaða upplýsinga þagnarskylda tæki en það er mikilvæg forsenda þess að opinberir starfsmenn nýti sér tjáningarfrelsi sitt. Lögfest var ákvæði um tjáningarfrelsi opinberra starfsmanna sem felur í sér meginreglu um að þeir hafi almennt frelsi til að tjá sig opinberlega um atriði er tengjast starfi þeirra. Jafnframt var þagnarskylduákvæðum um 80 lagabálka breytt í því skyni að samræma reglur um efnið.

## Upplýsingaréttur almennings

Með lögum nr. 72/2019 var upplýsingalögum, nr. 140/2012, breytt með það að markmiði að styrkja upplýsingarétt almennings. Helsta breytingin fól í sér að gildissvið laganna var víkkað út þannig að handhöfum löggjafar- og dómsvalds verði að meginstefnu skylt að fylgja sömu efnisreglum og handhafar framkvæmdarvalds við ákvarðanir um að veita aðgang að gögnum í vörslum þeirra. Jafnframt var kveðið skýrar á um skyldu ráðuneyta til birtingar upplýsinga úr málaskrám sínum að eigin frumkvæði.

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA



Komið var á fót sérstökum ráðgjafa um upplýsingarétt almennings sem hefur það hlutverk að veita almenningi og opinberum aðilum stuðning við framsetningu og meðferð beiðna um aðgang að gögnum samkvæmt lögunum. Þá voru sett strangari tímamörk á afgreiðslu beiðna og við málsmeðferð úrskurðarnefndar um upplýsingamál auk ýmissa breytinga á undanþáguákvæðum upplýsingalaga.

## Vernd uppljóstrara

Með þriðja frumvarpinu er lagt til að lögfest verði fyrstu heildarlögin á Íslandi um vernd uppljóstrara. Markmiðið er að á Íslandi gildi skýr löggjöf um efnið sem taki mið af ábendingum alþjóðastofnana og fordæmum þeirra nágrannaríkja sem fela í sér bestu framkvæmdina. Frumvarpið var samþykkt sem lög frá Alþingi 12. maí 2020.

## Vandaðir starfshættir í vísindum

Frumvarp forsætisráðherra um vandaða starfshætti í vísindum var samþykkt á Alþingi 24. júní 2019 sem lög nr. 70/2019. Lögunum er ætlað að stuðla að því að rannsóknir fari fram í samræmi við vandaða starfshætti í vísindum og auka þannig trúverðugleika vísindastarfs og rannsókna í samfélaginu. Í lögunum er kveðið á um að sett verði á fót nefnd um vandaða starfshætti í vísindum sem hefur það hlutverk að upplýsa stjórnvöld, almenning og vísindasamfélagið um vandaða starfshætti í vísindum og um vísindasiðfræði og hafa eftirlit með því að siðferðileg viðmið séu í heiðri höfð í vísindum. Í nefndinni skulu eiga sæti sjö sérfræðingar á ólíkum sviðum, í siðfræði, lögfræði og ólíkum rannsóknarsviðum í háskólasamfélaginu og atvinnulífinu.

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA




# Ráðherranefnd um matvælastefnu fyrir Ísland

**Ákveðið var að setja á laggirnar sérstaklega ráðherranefnd til að fjalla um matvælastefnu fyrir Ísland enda mun matvælaframleiðsla verða eitt af stóru viðfangsefnum stjórnmálanna í framtíðinni og varðar mótun stefnunnar málefnasvið fjölmargra ráðuneyta.**

Fast sæti eiga forsætisráðherra, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, umhverfis- og auðlindaráðherra, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, samgöngu- og sveitastjórnarráðherra og heilbrigðisráðherra. Aðrir ráðherrar taki sæti á fundum nefndarinnar eftir því sem tilefni er til.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á sjálfbæra nýtingu auðlinda, aukið virði afurða, bættan rétt neytenda og að Ísland verði leiðandi í framleiðslu á heilnæmum landbúnaðarafurðum. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipaði verkefnisstjórn í ágúst 2018 um mótun matvælastefnu fyrir Ísland. Verkefnisstjórnin er skipuð fulltrúum ráðherra, Bændasamtaka Íslands, Samtaka iðnaðarins, Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtökum verslunar- og þjónustu og Neytendasamtökunum.

Með vísan til áherslna ríkisstjórnarinnar í málaflokknum var ákveðið að endurnýja umboð verkefnisstjórnar og fjölga fulltrúum. Auk þeirra aðila sem þegar höfðu tekið sæti í verkefnisstjórn var bætt við fjórum fulltrúum, þremur tilnefndum af forsætisráðherra og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í sameiningu og þá var Samtökum ferðaþjónustunnar boðið að tilnefna einn fulltrúa.

Við mótun matvælastefnu verður lögð áhersla á tengsl matvæla og lýðheilsu og samspil matvælaframleiðslu og loftslagsbreytinga.

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA



# Guðmundar- og Geirfinnsmálið

Ríkisstjórnin bað sakborninga, aðstandendur þeirra og aðra sem átt hafa um sárt að binda vegna Guðmundar- og Geirfinnsmálsins afsökunar á því ranglæti sem þau hafa mátt þola í kjölfar sýknudóms Hæstaréttar í september 2018.

Nefnd sem skipuð var í kjölfar sýknudómsins til að leiða viðræður og sáttaumleitanir við hina sýknuðu og aðstandendur þeirra lauk störfum í júní 2019 án þess að sátt næðist. Í framhaldinu fóru fram fyrir tilstilli ríkislögmanns óformlegar viðræður við aðila málsins þar sem fram kom að vilji væri til að leysa hinn fjárhagslega þátt sáttarinnar með samkomulagi.

Á haustdögum 2019 lagði forsætisráðherra fram frumvarp til laga um heimild til að greiða hinum sýknuðu bætur. Var það gert til að tryggja að sérstök lagaheimild stæði að baki greiðslu bótanna og til að undirstrika ríkan sáttavilja stjórnvalda og Alþingis. Lögin tryggðu að unnt væri að greiða hinum sýknuðu og aðstandendum þeirra sanngjarnar bætur en þó þannig að réttur þeirra til að bera frekari kröfur sínar undir dómstóla yrði ekki fyrir borð borinn.

Frumvarpið varð að lögum í desember 2019. Í janúar 2020 voru hinum sýknuðu greiddar bætur sem að heildarfjárhæð nema rúmlega 800 milljónum króna.



EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

# Úrbætur á innviðum flutnings- og dreifikerfi raforku og fjarskiptum

Ríkisstjórnin ákvað, í framhaldi af fárviðrinu sem gekk yfir landið 10. og 11. desember 2019, að skipa starfshóp sex ráðuneyta sem falið var að meta hvaða aðgerðir séu færar til að efla innviði í flutnings- og dreifikerfi raforku og fjarskiptum til að tryggja að slíkir grunninnviðir séu sem best í stakk búnir til að takast á við ofsaveður eða aðrar náttúruhamfarir.

Til viðbótar við öryggi í raforku og fjarskiptum var hópnum falið að skoða samgöngur, byggðamál og dreifikerfi RÚV. Hópurinn lauk störfum snemma árs 2020.

# Aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að auka traust á íslensku efnahagslífi

Í kjölfar Samherjamálsins ákvað ríkisstjórnin í nóvember að grípa til ýmissa aðgerða í því skyni að auka traust á íslensku atvinnulífi.

Á meðal þeirra eru aðgerðir til að auka gagnsæi í rekstri stærri óskráðra fyrirtækja og þá sérstaklega stórra sjávarútvegsfyrirtækja. Einnig var ákveðið að stuðla að úttekt og úrbótum á fiskveiðum á alþjóðavettvangi, ljúka endurskoðun á skilgreiningu á tengdum aðilum, tryggja viðbótarfjárveitingar til skattrannsókna og auka varnir gegn hagsmunaárekstrum og mútubrotum.

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

# Staðartími á Íslandi

Frá 1968 hefur staðartími á Íslandi miðast við miðtíma Greenwich (heimstíma, UTC), sbr. lög nr. 6/1968, um tímareikning á Íslandi. Árið 2018 skilaði starfshópur skipaður af heilbrigðisráðherra greinargerð þar sem lagt var til að klukkunni á Íslandi yrði seinkað um eina klukkustund og talið að sú aðgerð myndi hafa í för með sér ávinning fyrir lýðheilsu og vellíðan landsmanna.

Ákveðið var að efna til víðtæks samráðs um hvort breyta ætti tímareikningi á Íslandi og var almenningi, atvinnulífi og stjórnsýslu boðið að taka þátt í samráði og leggja fram sín sjónarmið um stöðumat, framtíðarsýn og áhrif mögulegrar breytingar. Málið var til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is 10. janúar til 10. mars 2019.

Þátttaka í samráðinu var miklu meiri en áður hefur þekkst. Alls bárust tæplega 1.600 umsagnir og ábendingar. Margar þeirra voru ítarlegar og vel rökstuddar og ljóst að fólk lagði mikla vinnu í vandaðar umsagnir. Samantekt um sjónarmið umsagnaraðila var birt í samráðsgáttinni 10. desember 2019. Þar eru rakin helstu sjónarmið sem fram komu, en umsagnir voru fjölbreyttar að efni og margvísleg sjónarmið komu fram. Eftirtektarvert er að með samráðinu hefur sjónarsviðið breikkað og sýnin í málinu orðið þverfaglegri.

Glöggt kom í ljós mikilvægi víðtæks og opins samráðs þar sem almenningi gefst færi á að tjá sig.

SAMRÁÐSGÁTT: STAÐARTÍMI Á ÍSLANDI



EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

# Stofnanir forsætisráðuneytisins

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

# Embætti ríkislögmanns

Embætti ríkislögmanns starfar á grundvelli laga nr. 51/1985. Helstu verkefni embættisins eru rekstur dómsmála fyrir ríkið og stofnanir þess.

Er þar aðallega um að ræða vörn einkamála fyrir dómstólum og eftir atvikum gerðardómum en einnig að annast sókn þeirra mála sem ríkið höfðar á hendur öðrum. Ríkislögmaður fer einnig með uppgjör bótakrafna sem beint er að ríkinu og auk þess geta ráðherrar óskað lögfræðilegs álits hans um einstök málefni og aðstoðar við vandasama samningagerð.

**646** Nýskráð mál 2019

**195** Dómsmál

- 135 Héraðsdómstólar
- 36 Landsréttur
- 8 Hæstiréttur
- 6 Félagsdómur
- 10 Mannréttindadómstóll Evrópu

**394** Bótakröfur

- 192 Almennar kröfur
- 122 Slysatryggingabætur
- 80 Vegna lögreglumanna

**30** Erindi frá ráðuneytum

**27** Önnur mál

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA



# Hagstofa Íslands

Hagstofa Íslands er sjálfstæð stofnun sem heyrir undir forsætisráðherra. Hún er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar og vinnur að söfnun gagna, úrvinnslu og birtingu tölfræðilegra upplýsinga um landshagi Íslands og þjóðfélagsleg málefni.

Hagstofa Íslands

Hagstofan skiptist í fimm svið: stjórnsýslu og samstarf, efnahagssvið, félagsmálasvið, fyrirtækjasvið og rekstrarsvið. Auk þess er rannsóknadeild sem er sjálfstæð eining og aðskilin hagskýrslustarfseminni. Á árinu 2019 var sérstök áhersla lögð á jafnlaunavottun, undirbúning fyrir manntalið 2021, umhverfisreikninga, endurskoðun starfaflokkunar, hagtölur um laus störf, nýsköpun og þróun, húsnæðismál, ferðaþjónustu, menningu og listir.

HAGSTOFA ÍSLANDS

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA



# Jafnréttisstofa

Jafnréttisstofa annast stjórnsýslu á sviði jafnréttismála í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Stofnunin annast einnig stjórnsýslu í samræmi við lög um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna og lög um jafna meðferð á vinnumarkaði óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu.

Helstu verkefni stofnunarinnar snúa að eftirliti, fræðslu, ráðgjöf, forvörnum og vinnu gegn hefðbundnum staðalímyndum.

Starfsemi Jafnréttisstofu var með hefðbundnum hætti á árinu 2019. Þó má segja að aukin áhersla hafi verið lögð á endurskoðun innra starfs, ekki síst vegna tilkomu nýrra verkefna á árinu 2018 vegna skyldu fyrirtækja og stofnana til að öðlast jafnlaunavottun sem og tilkomu nýrra laga um jafna meðferð.

Tveimur stórum Evrópuverkefnum sem stofnunin sinnti lauk á árinu. Annað verkefnið var unnið í samstarfi við Eistland og Litháen og snerist um að vinna gegn kynbundnum staðalmyndum í náms- og starfsvali. Afurðir verkefnisins eru m.a. leikin sjónvarpsþáttasería og útvarpsþættir. Hvort tveggja er aðgengilegt á heimasíðu Jafnréttisstofu.

Hitt verkefnið laut að heimilisofbeldismálum og liggur mikið efni í formi vitundarvakningarmyndbanda, útvarpsþátta og netnámskeiðs fyrir fagfólk eftir það.

Eins og undanfarin ár var mikil vinna við innköllun, yfirferð og samþykkt jafnréttisáætlana. Á árinu 2019 var kallað eftir áætlunum frá á þriðja hundrað sveitarfélögum, fyrirtækjum og stofnunum.

Hjá Jafnréttisstofu starfa átta manns, sex konur og tveir karlar. Stofnunin fékk viðurkenningu sem fyrirmyndarstofnun á árinu 2019 vegna góðrar útkomu úr könnuninni Stofnun ársins sem stéttarfélagið Sameyki stendur fyrir árlega.

JAFNRÉTTISSTOFA

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA



# Óbyggðanefnd

Óbyggðanefnd er sjálfstæð stjórnsýslunefnd sem starfar á grundvelli laga nr. 58/1998 og hefur það hlutverk að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda, skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur og loks að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Óbyggðanefnd hefur lokið umfjöllun um tæplega 89% af flatarmáli meginlandsins alls. Niðurstaðan er að 41,7% lands sem nefndin hefur lokið meðferð á telst til þjóðlendna en 58,3% eru eignarlönd, að teknu tilliti til endanlegra niðurstaðna dómstóla. Af þeim hluta miðhálendisins sem nefndin hefur lokið meðferð á eru tæplega 86% þjóðlendur en rúmlega 14% eignarlönd.

Meginverkefni óbyggðanefndar árið 2019 sneru annars vegar að svæði 9B, Snæfellsnesi ásamt fyrrum Kolbeinsstaðahreppi og fyrrum Skógarstrandarhreppi, og hins vegar svæði 10A, Strandasýslu ásamt fyrrum Bæjarhreppi.

ÓBYGGÐANEFND

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA



# Umboðsmaður barna

Meginhlutverk umboðsmanns barna er að vinna að bættum hag barna og standa vörð um hagsmuni, þarfir og réttindi þeirra. Hlutverk umboðsmanns barna er skilgreint í lögum nr. 83/1994 um embættið.

UMBOÐSMAÐUR BARNA

Honum er ætlað að vekja athygli á réttinda- og hagsmunamálum barna almennt, jafnt á opinberum vettvangi sem og hjá einkaaðilum, vinna að því að tekið sé tillit til hagsmuna barna við lagasetningu, ákvarðanatöku og skipulagningu í þjóðfélaginu, að hafa frumkvæði að stefnumarkandi umræðu um málefni barna en með hliðsjón af hinu almenna hlutverki sínu, þ.e. að tryggja bættan hag barna almennt. Þá er umboðsmanni barna ætlað að koma með tillögur til úrbóta á réttarreglum og fyrirmælum stjórnvalda sem varða börn sérstaklega og stuðla að því að virtir séu þeir þjóðréttarsamningar sem snerta réttindi og velferð barna og Ísland er aðili að.

Umboðsmaður barna er Salvör Nordal og var hún skipuð í júlí 2017 til fimm ára. Í kjölfar skipunar var hafin vinna við stefnumótun og lög um embættið endurskoðuð á árinu 2018 þar sem meðal annars er kveðið á um að umboðsmaður barna skipuleggi þing um málefni barna annað hvert ár.

## Barnaþing

Fyrsta barnaþingið var haldið í Hörpu 21.–22. nóvember 2019 á þrjátíu ára afmæli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Á þinginu fór fram þjóðfundur barna þar sem þau ræddu málefni að eigin vali. Um 150 börn tóku þátt í umræðunum með aðstoð borðstjóra. Þá bættust við um 100 fullorðnir þátttakendur og héldu áfram umræðunni um þau efni sem börnin höfðu valið.

Þar á meðal voru níu ráðherrar, alþingismenn, fulltrúar ýmissa ríkisstofnana og fulltrúar félagasamtaka. Skilaboðin voru margvísleg en umhverfið og loftslagsmálin voru ofarlega á baugi sem og samfélagsleg ábyrgð okkar allra. Þá var minnst á mikið álag í námi og samgöngumál voru rædd.

Erindi til umboðsmanns barna 2019:

- 1.042 erindi alls, 601 skrifleg og 441 munnleg
- 197 erindi voru frá börnum

EFNISYFIRLIT

ÁVARP RÁÐHERRA

STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA




# Seðlabanki Íslands

Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Ný lög um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019, voru samþykkt á Alþingi ásamt lögum nr. 91/2019, um breytingu á ýmsum lögum vegna sameiningar Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins. Með þessum breytingum sameinast Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlitið í eina stofnun undir nafni Seðlabanka Íslands.

Markmið Seðlabankans er að stuðla að stöðugu verðlagi, fjármálastöðugleika og traustri og öruggri fjármálastarfsemi. Þá skal bankinn sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisforða og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslumiðlun í landinu og við útlönd.

Í yfirstjórn Seðlabankans eru seðlabankastjóri og þrír varaseðlabankastjórar og leiða þeir hver um sig málefni peningastefnu, fjármálastöðugleika og fjármálaeftirlits. Seðlabankastjóri er Ásgeir Jónson, varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits er Unnur Gunnarsdóttir, varaseðlabankastjóri peningastefnu er Rannveig Sigurðardóttir og Gunnar Jakobsson var skipaður varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika frá og með 1. mars 2020.

Í sameinaðri stofnun Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins verða tvær nýjar nefndir sem, auk peningastefnunefndar, munu vinna að meginmarkmiðum stofnunarinnar. Fjármálaeftirlitsnefnd mun taka ákvarðanir sem faldar eru Fjármálaeftirlitinu í lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum og verður stjórn Fjármálaeftirlitsins, sem hingað til hefur tekið meiriháttar ákvarðanir, lögð niður. Ákvarðanir um beitingu stjórntækja Seðlabankans varðandi fjármálastöðugleika verða teknar af fjármálastöðugleikanefnd. Reglulegt starf fjármálastöðugleikaráðs mun því taka breytingum og kerfisáhættunefnd, sem hefur starfað fyrir fjármálastöðugleikaráð, verður lögð niður.

**SEÐLABANKI ÍSLANDS**

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

# Úrskurðanefnd um upplýsingamál

Úrskurðarnefnd um upplýsingamál er starfrækt á grundvelli upplýsingalaga, nr. 140/2012, og er ætlað að leysa úr ágreiningsmálum um aðgang almennings að upplýsingum hjá stjórnvöldum.

Nefndin er sjálfstæð og óháð stjórnsýslunefnd sem skipuð er til hliðar við hið almenna stjórnkerfi ríkis og sveitarfélaga.

Nefndinni bárust 191 kærur á árinu 2019 og lauk úrskurðum í 90 kærumálum. Málsmeðferðartími nefndarinnar var að meðaltali 222 dagar frá kæru til úrskurðar en var 212 dagar árið 2018 og 210 dagar árið 2017.

Forsætisráðherra leggur í júní 2020 fram skýrslu um framkvæmd upplýsingalaga árið 2019 þar sem fjallað er nánar um starfsemi nefndarinnar og meðferð kærumála.

# Kærunefnd jafnréttismála

Einstaklingar, fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök sem telja að ákvæði jafnréttislaga hafi verið brotin gagnvart sér eða félagsmönnum sínum geta leitað atbeina kærunefndar jafnréttismála, sbr. lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Til nefndarinnar er einnig hægt að leita vegna laga nr. 85/2018 um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna og laga nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði. Þá getur Jafnréttisstofa óskað eftir því að kærunefnd jafnréttismála taki mál til meðferðar.

Á árinu 2019 bárust sjö mál. Þrjú málanna vörðuðu ráðningu í starf. Í einu máli var komist að þeirri niðurstöðu að um brot hafi verið að ræða á lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Í tveimur málum komst nefndin að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið um brot að ræða. Þá varðaði eitt mál ágreining á grundvelli laga nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði og taldi nefndin að ekki hafi verið um brot að ræða. Tveimur málum var vísað frá og kæra í einu máli var afturkölluð.

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

# Rekstur og fjárfestingar

EFNISYFIRLIT

ÁVARP RÁÐHERRA

STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

# Málefnasvið

Á árinu 2019 heyrði málefnasvið 3 Æðsta stjórnsýsla í heild sinni undir forsætisráðherra. Þá átti ráðherra einnig eftirfarandi hlutdeild í öðrum málefnasviðum:

2 **Hæstiréttur**, sbr. launaliður hæstaréttardómara í málaflokki 2.1

6 **Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál**, sbr. Hagstofa Íslands í málaflokki 6.1

9 **Almanna- og réttaröryggi**, sbr. óbyggðanefnd og embætti ríkislögmanns í málaflokki 9.3

29 **Fjölskyldumál**, sbr. umboðsmaður barna í málaflokki 29.4

32 **Jafnréttismál**, sbr. Jafnréttisstofa og Jafnréttissjóður Íslands í málaflokki 32.2

Málaflokkur 32 jafnréttismál fluttist til forsætisráðherra í ársbyrjun 2019.

## Rekstrargjöld og fjárfestingar málefnasviða

*Fjárhæðir í m.kr.*




EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

# Útgjöld málefnasviða og málaflokka

Í töflunni má sjá þá málaflokka sem forsætisráðherra ber ábyrgð á, ásamt hlutdeild ráðherra í þeim málaflokkum þar sem ábyrgð skiptist á milli fleiri ráðherra. Taflan sýnir raungjöld, rekstur og tilfærslur í m.kr. að frádregnum rekstrartekjum, ásamt uppsöfnuðum frávikum fyrri ára.

| | Málaflokkar | Raun | Áætlun ársins | Frávik innan ársins | Frávik | Flutt frá fyrra ári | Uppsafn frávik | Frávik |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **02** | **Dómstólar** | **206** | **245** | **39** | **16,1%** | **0** | **39** | **16,1%** |
| | 0210 - Hæstiréttur | 206 | 245 | 39 | 16,1% | 0 | 39 | 16,1% |
| **03** | **Æðsta stjórnsýsla** | **2.380** | **2.401** | **22** | **0,9%** | **202** | **224** | **9,3%** |
| | 0310 - Embætti forseta Íslands | 334 | 354 | 20 | 5,7% | 30 | 50 | 14,2% |
| | 0320 - Ríkisstjórn | 605 | 637 | 32 | 5,0% | 0 | 32 | 5,0% |
| | 0330 - Forsætisráðuneyti | 1.441 | 1.411 | -30 | -2,1% | 172 | 142 | 10,0% |
| **06** | **Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál** | **1.449** | **1.428** | **-21** | **-1,5%** | **196** | **175** | **12,3%** |
| | 0610 - Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál | 1.449 | 1.428 | -21 | -1,5% | 196 | 175 | 12,3% |
| **09** | **Almanna- og réttaröryggi** | **330** | **335** | **5** | **1,5%** | **27** | **32** | **9,5%** |
| | 0930 - Ákæruvald og réttarvarsla | 330 | 335 | 5 | 1,5% | 27 | 32 | 9,5% |
| **29** | **Fjölskyldumál** | **79** | **78** | **-1** | **-1,1%** | **2** | **1** | **1,2%** |
| | 2940 - Annar stuðningur við fjölskyldur og börn | 79 | 78 | -1 | -1,1% | 2 | 1 | 1,2% |
| **32** | **Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála** | **307** | **333** | **25** | **7,6%** | **1** | **25** | **7,4%** |
| | 3220 - Jafnréttismál | 307 | 333 | 25 | 7,6% | 1 | 25 | 7,4% |

*Fjárhæðir í m.kr.*

## Skýringar

- Alls námu heildarútgjöld þeirra málaflokka sem forsætisráðuneytið ber ábyrgð á 4.750 m.kr. árið 2019. Áætlun gerði ráð fyrir að heildarútgjöldin á árinu 2019 yrðu 4.820 m.kr.
- Hluti málefnasviðs 32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála, málaflokkur 32.2 jafnréttismál, fluttist til forsætisráðuneytis frá félagsmálaráðuneyti (áður velferðarráðuneyti) þann 1. janúar 2019, sem skýrir að miklu leyti hækkun á raunkostnaði ráðuneytisins milli ára.
- Frávik málaflokks 2.1 Dómstólar er 16,1% undir fjárheimildum ársins eða 39 m.kr., í þennan málaflokk fellur launaliður hæstaréttardómara.
- Frávik í málaflokki 3.1, Embætti forseta Íslands er 20 m.kr. undir fjárheimildum ársins eða 6% af áætlun sem skýrist einkum af tæknilegri útfærslu á bókun kostnaðar vegna viðhalds og fjárfestinga embættisins á Laufásvegi 72.
- Málaflokkur 3.2 Launaliður ríkisstjórnar er 5% eða 32 m.kr. undir fjárheimildum ársins.
- Málaflokkar 2.1 Hæstiréttur og 3.2 Ríkisstjórn flytja ekki frávik á milli ára samkvæmt væntanlegu frumvarpi til staðfestingar ríkisreikningi fyrir árið 2019.
- Frávik málaflokks 3.3, Forsætisráðuneyti, fór 30 m.kr. eða 2,1 % umfram fjárheimildir ársins og er það fjármagnað af ónýttum fjárheimildum fyrri ára.

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

# Útgjöld málefnasviða og málaflokka

Í töflunni má sjá þá málaflokka sem forsætisráðherra ber ábyrgð á, ásamt hlutdeild ráðherra í þeim málaflokkum þar sem ábyrgð skiptist á milli fleiri ráðherra. Taflan sýnir raungjöld, rekstur og tilfærslur í m.kr. að frádregnum rekstrartekjum, ásamt uppsöfnuðum frávikum fyrri ára.

| | Málaflokkar | Raun | Áætlun ársins | Frávik innan ársins | Frávik | Flutt frá fyrra ári | Uppsafn frávik | Frávik |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 02 | **Dómstólar** | **206** | **245** | **39** | **16,1%** | **0** | **39** | **16,1%** |
| | 0210 - Hæstiréttur | 206 | 245 | 39 | 16,1% | 0 | 39 | 16,1% |
| 03 | **Æðsta stjórnsýsla** | **2.380** | **2.401** | **22** | **0,9%** | **202** | **224** | **9,3%** |
| | 0310 - Embætti forseta Íslands | 334 | 354 | 20 | 5,7% | 30 | 50 | 14,2% |
| | 0320 - Ríkisstjórn | 605 | 637 | 32 | 5,0% | 0 | 32 | 5,0% |
| | 0330 - Forsætisráðuneyti | 1.441 | 1.411 | -30 | -2,1% | 172 | 142 | 10,0% |
| 06 | **Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál** | **1.449** | **1.428** | **-21** | **-1,5%** | **196** | **175** | **12,3%** |
| | 0610 - Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál | 1.449 | 1.428 | -21 | -1,5% | 196 | 175 | 12,3% |
| 09 | **Almanna- og réttaröryggi** | **330** | **335** | **5** | **1,5%** | **27** | **32** | **9,5%** |
| | 0930 - Ákæruvald og réttarvarsla | 330 | 335 | 5 | 1,5% | 27 | 32 | 9,5% |
| 29 | **Fjölskyldumál** | **79** | **78** | **-1** | **-1,1%** | **2** | **1** | **1,2%** |
| | 2940 - Annar stuðningur við fjölskyldur og börn | 79 | 78 | -1 | -1,1% | 2 | 1 | 1,2% |
| 32 | **Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála** | **307** | **333** | **25** | **7,6%** | **1** | **25** | **7,4%** |
| | 3220 - Jafnréttismál | 307 | 333 | 25 | 7,6% | 1 | 25 | 7,4% |

*Fjárhæðir í m.kr.*

- Í málaflokki 6.1, Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál, en þar fellur starfsemi Hagstofu Íslands undir, fór rekstur ársins 21 m.kr. eða 1,5% yfir fjárheimildir ársins og var það fjármagnað af ónýttum fjárheimildum fyrri ára. Hagstofa Íslands hefur undangengin ár safnað eigin fé til að mæta fyrirsjáanlegri aukningu útgjalda vegna manntals og hagræðingu samkvæmt fjármálaáætlun.
- Málaflokkur 9.3, Ákæruvald- og réttarvarsla, en þar er rekstur ríkislögmanns og óbyggðanefndar sem heyra undir forsætisráðuneytið. Frávik námu 5 m.kr. innan fjárheimilda, eða 1,5%.
- Málaflokkur 29.4, Fjölskyldumál, en þar fellur starfsemi umboðsmanns barna undir. Frávik ársins var um 800 þúsund kr. umfram heimildir. Nam það um 1% af fjárheimildum ársins og var fjármagnað af ónýttum fjárheimildum fyrri ára.
- Málaflokkur 32.2, Jafnréttismál, málaflokkurinn fluttist til forsætisráðuneytis í upphafi árs, en þar fellur undir starfsemi Jafnréttisstofu, Jafnréttissjóðs Íslands og málefni jafnréttismála á skrifstofu ráðuneytisins. Frávik frá áætlun voru 25 m.kr. undir fjárheimildum ársins eða 7,6%. Skýrist það af því að hluti verkefna jafnréttisskrifstofu færast til í tíma, fram til næsta árs.

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

# Fjárfesting málaflokka

| Málaflokkar | Ráðstafað á árinu | Til ráðstöfunar á árinu | Ónýtt heimild frá fyrra ári | Ónýtt heimild í árslok |
|---|---|---|---|---|
| 0310 - Embætti forseta Íslands | 53,0 | 10,7 | 0 | -42,3 |
| 0330 - Forsætisráðuneyti | 116,7 | 26,1 | 201,8 | 111,2 |
| 0610 - Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál | 25,9 | 26,4 | -4,9 | -4,3 |
| 0930 - Ákæruvald og réttarvarsla | 0,5 | 1,4 | 0,7 | 1,6 |
| 2940 - Annar stuðningur við fjölskyldur og börn | 0 | 1,0 | 0,1 | 1,1 |
| 3220 - Jafnréttismál | 0,4 | 0,7 | 0,2 | 0,5 |

*Fjárhæðir í m.kr.*

## Skýringar

- Frávik í málaflokki 3.1 Embætti forseta Íslands að upphæð 42,3 m.kr. snýr að tæknilegri útfærslu fjárheimilda og verður lagfært í ársreikningi ársins.
- Frávik hjá málaflokki 3.3 Forsætisráðuneyti skýrist af væntanlegri viðbyggingu undir ráðuneytið sem er fjallað um með ítarlegri hætti í ársskýrslunni undir kaflanum Viðbygging við Stjórnarráðshúsið. Ónýtt fjárheimild í lok árs 2018 er nýtt til framkvæmda á árinu.
- Málaflokkur 6.1 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál hefur farið 4,3 m.kr. umfram heimildir til fjárfestingar innan ársins og mun það vera fjármagnað af fjárfestingarfjárheimild ársins 2020.
- Aðrir málaflokkar eru með óveruleg frávik frá fjárfestingarheimildum ársins.

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

# Yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila og fjárlagaliða

## Frávik ríkisaðila frá fjárheimildum í árslok

Forsætisráðuneyti, Hagstofa Íslands og umboðsmaður barna nýta uppsafnaðar fjárheimildir fyrri ára til að mæta kostnaði ársins. Eðli ríkisaðilanna hæstaréttar og ríkisstjórnar er með þeim hætti að jákvæð eða neikvæð árslokastaða er felld niður við gerð ríkisreiknings. Frávik hjá embætti forseta Íslands gefur ekki rétta mynd af stöðu fjárheimilda í árslok, tæknileg útfærsla fjárheimilda verður gerð í ársreikningi vegna fjárfestingaframkvæmda, eigið fé embættisins verður þó jákvætt eftir þær útfærslur.




*Fjárhæðir í m.kr.*

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

# Yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila og fjárlagaliða

## Uppsöfnuð frávik ríkisaðila frá fjárheimildum í árslok

Forsætisráðuneyti og stofnanir eru allar með jákvætt uppsafnað eigið fé í árslok en eðli ríkisaðilanna hæstaréttar og ríkisstjórnar er með þeim hætti að árslokastaða er felld niður við gerð ríkisreiknings. Frávik hjá embætti forseta Íslands gefur ekki rétta mynd af stöðu fjárheimilda í árslok, þar sem tæknileg útfærsla fjárheimilda verður gerð í ársreikningi vegna fjárfestinga-framkvæmda, eigið fé embættisins verður þó jákvætt eftir þær útfærslur.




*Fjárhæðir í m.kr.*

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

## Úthlutun á ráðstöfunarfé forsætisráðherra á árinu 2019

| Styrkþegi | Upphæð |
|---|---|
| Félag heyrnarlausra | 250.000 |
| Félag íslenskra hjúkrunafærðinga | 500.000 |
| Hinsegin dagar í Reykjavík | 200.000 |
| Íslensk sönglist/Ísalög sf | 150.000 |
| Lionsumdæmið á Íslandi | 500.000 |
| Líknarfélagið Von | 150.000 |
| Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna | 30.000 |
| Samtals | 1.780.000 |

## Styrkveitingar ráðherra skv. 42.gr. laga um opinber fjármál

| Styrkþegi | Upphæð |
|---|---|
| BSRB | 285.000 |
| Cognitio ehf. | 1.500.000 |
| Félag kvenna í atvinnu rekstri | 5.000.000 |
| haukura ehf. | 250.000 |
| Háskóli Íslands | 459.597 |
| Háskólinn í Reykjavík | 5.470.000 |
| Jafnréttisstofa | 1.500.000 |
| Kaupum til góðs ehf. | 101.379 |
| Kvenfélagasamband Íslands | 500.000 |
| Kvennaráðgjöfin | 325.000 |
| Kvenréttindafélag Íslands | 11.375.000 |
| Loftslagsrannsóknir | 2.500.000 |
| Mannréttindaskrifstofan | 325.000 |
| Reykjavíkurborg | 5.910.448 |
| Rótin - félag um mál | 200.000 |
| Sameyki - stéttarfélag | 200.000 |
| Samtökin '78 | 15.000.000 |
| Soroptimistasamband | 120.000 |
| Staðlaráð Íslands | 2.000.000 |
| UN Women Ísland | 300.000 |
| Women Political Leader | 20.000.000 |
| Zontasamband Íslands | 375.000 |
| Samtals | 73.696.424 |

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

# Ávinningur af ráðstöfun fjármuna

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

# Yfirlit yfir stöðu aðgerða allra málaflokka í árslok 2019

Myndin sýnir stöðu þeirra aðgerða sem voru á ábyrgð forsætisráðherra, skipt eftir málaflokkum, í fjármálaáætlun 2019-2023 og frumvarpi til fjárlaga 2019.

| Málaflokkar | Aðgerð ekki hafin | Undirbúningur hafinn | Aðgerð hafin | Aðgerð komin vel á veg | Aðgerð lokið | Samt. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 3.3 Forsætisráðuneyti | 1 | | | 3 | | 4 |
| 6.1 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál | | | 2 | 2 | | 4 |
| 9.3 Ákæruvald og réttarvarsla | | | | 1 | | 1 |
| 29.4 Stuðningur við einstaklinga, fjölskyldur og börn | | | | 1 | | 1 |
| 32.2 Jafnréttismál | | | | 3 | | 3 |
| Samtals aðgerðir | 1 | 0 | 2 | 10 | 0 | 13 |

Aðgerð ekki hafin | Undirbúningur hafinn | Aðgerð hafin | Aðgerð komin vel á veg | Aðgerð lokið

EFNISYFIRLIT

ÁVARP RÁÐHERRA

STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

# Forsætisráðuneyti Málaflokkur 3.3

MARKMIÐ 1

## Auka eftirfylgni með stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.

| Mælikvarðar | Staða 2017 | Viðmið 2019 | Staða 2019 |
|---|---|---|---|
| Fjöldi framgangsskýrslna á ári. | 1 | 2 | 2 |
| Fjöldi eftirfylgnifunda fagráðherra með ráðherranefnd. | 0 | 8 | 0 |

| Aðgerðir | Ábyrgð | Tímabil |
|---|---|---|
| Framgangsskýrslur um áherslur í stjórnarsáttmála lagðar fyrir ríkisstjórn tvisvar á ári. | FOR og aðstoðarmenn ráðherra | 2019-2023 |

Aðgerð ekki hafin | Undirbúningur hafinn | Aðgerð hafin | Aðgerð komin vel á veg | Aðgerð lokið

MARKMIÐ 2

## Bæta undirbúning ríkisstjórnarfunda.

| Mælikvarðar | Staða 2017 | Viðmið 2019 | Staða 2019 |
|---|---|---|---|
| Hlutfall mála sem skilað er inn fyrir tilskilinn frest. | Mæling ekki hafin. | 70% | 76% |

| Aðgerðir | Ábyrgð | Tímabil |
|---|---|---|
| Stöðuskýrslur um undirbúning ríkisstjórnarfunda lagðar fyrir ríkisstjórn tvisvar á ári. | FOR | 2019-2023 |

Aðgerð ekki hafin | Undirbúningur hafinn | Aðgerð hafin | Aðgerð komin vel á veg | Aðgerð lokið

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

# Forsætisráðuneyti Málaflokkur 3.3

MARKMIÐ 3

## Auka gagnsæi og gæði við undirbúning löggjafar.

| Mælikvarðar | Staða 2017 | Viðmið 2019 | Staða 2019 |
|---|---|---|---|
| Hlutfall stjórnarfrumvarpa sem verða að lögum og áform um lagasetningu hafa verið kynnt í opnu samráði á netinu (í samráðsgátt) áður en samning frumvarps hefst.* | Mæling ekki hafin. Skýr viðmið ekki til staðar (sbr. „sérstök rök“ í samþykkt ríkisstjórnar). | Viðmið mótuð. | 33% |
| Hlutfall stjórnarfrumvarpa sem verða að lögum og hafa áður verið kynnt sem drög í opnu samráði á netinu (í samráðsgátt).** | Mæling ekki hafin (samráðsgátt tekin í notkun 2018, annars konar mæling gerð áður). Viðmið ekki til staðar. | Viðmið mótuð. | 76% |
| Hlutfall stjórnarfrumvarpa þar sem endanlegt mat á áhrifum er fullnægjandi. | Viðmið ekki til staðar. | Viðmið mótuð. | Viðmið liggja ekki fyrir. |
| Hlutfall stjórnarfrumvarpa með (fullnægjandi) mati á áhrifum á stöðu kynjanna. | Mæling ekki hafin. | Viðmið mótuð. | Viðmið liggja ekki fyrir. |

| Aðgerðir | Ábyrgð | Tímabil |
|---|---|---|
| Aukið aðhald með söfnun, greiningu og miðlun upplýsinga. Skýrsla um stöðu og þróun gefin út a.m.k. árlega | FOR | 2019-2023 |
| Áframhaldandi þróun og samhæfing vinnuferla ráðuneyta við undirbúning frumvarpa, stefnumótun og áætlanagerð, þar á meðal með námskeiðahaldi og uppfærslu handbókar um vinnslu frumvarpa. | FOR | 2019-2023 |

Aðgerð ekki hafin | Undirbúningur hafinn | Aðgerð hafin | Aðgerð komin vel á veg | Aðgerð lokið

* Mælikvarðanum hefur verið breytt, en hann var áður: Hlutfall stjórnarfrumvarpa sem lögð eru fram á Alþingi, þar sem áform um lagasetningu hafa verið kynnt í opnu samráði á netinu (í samráðsgátt) áður en samning frumvarps hefst.

** Mælikvarðanum hefur verið breytt, en hann var áður: Hlutfall stjórnarfrumvarpa sem lögð eru fram á Alþingi og hafa verið kynnt í opnu samráði á netinu (í samráðsgátt) og hafa að geyma eða vísa skýrt til fullnægjandi og aðgengilegrar umfjöllunar um úrvinnslu samráðs.



EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

# Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál Málaflokkur 6.1

**MARKMIÐ 1**

**Bæta gæði, framboð og aðgengi að opinberum hagtölum, m.a. með viðbótarbreytum, nýjum hagskýrslum og lýsigögnum fyrir hagskýrslur, ásamt kynningarefni í tengslum við birtingu hagtalna.**

| Mælikvarðar | Staða 2017 | Viðmið 2019 | Staða 2019 |
|---|---|---|---|
| Fjöldi viðbótarbreyta og nýrra upplýsinga í hagskýrslum, ásamt aukinni sundurgreiningu í flokka eftir kyni, atvinnugreinum, starfsstéttum, menntun, vöru og þjónustuflokkum eða eftir því sem við á í hverju tilviki. | Mikið hefur áunnist í sundurgreiningu gagna, m.a. eftir kyni. | Meðal nýrra breyta: Mánaðarleg tölfræði um þjónustuviðskipti.<br>Aukið sundurbrot gagna, sem unnin eru mánaðarlega og ársfjórðungslega. | Reglulegar útgáfur á starfandi samkvæmt skrám eftir atvinnugrein.<br>Aukin þekja og upplýsingar um vægi í útgáfu meðallauna og launavísitölu.<br>Upplýsingar um lífslíkur eftir menntun. |
| Fjöldi nýrra hagskýrslna. | Útgáfur um ferðaþjónustu, húsnæðismál, menningarmál og skapandi greinar undirbúnar. | Reglulegar útgáfur um ferðaþjónustu þar sem tölfræði er aukin og birt á einum stað. Útgáfa tölfræði um húsnæðismál þar sem talnaefni er aukið og birt fyrr og tölfræðin sett í lýðfræðilegt samhengi. Bæta framboð á hagtölum um menningarmál og skapandi greinar þar sem horft verði til framboðs, neyslu og notkunar almennings, auk hagrænna mælikvarða á umfang. Hagtölur um fjölda lausra starfa. | Reglulegar útgáfur á hagtölum um laus störf hófust. Framboð á hagtölum um menningu aukið. Aukið framboð á talnaefni um húsnæðismál. Framleidd er reglulega ýmis ný tölfræði um ferðaþjónustu. |

EFNISYFIRLIT

ÁVARP RÁÐHERRA

STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

# Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál Málaflokkur 6.1

MARKMIÐ 1

## Bæta gæði, framboð og aðgengi að opinberum hagtölum, m.a. með viðbótarbreytum, nýjum hagskýrslum og lýsigögnum fyrir hagskýrslur, ásamt kynningarefni í tengslum við birtingu hagtalna.

| Mælikvarðar | Staða 2017 | Viðmið 2019 | Staða 2019 |
|---|---|---|---|
| Aðgengi á vef Hagstofunnar metið á notendafundum og með gæðaúttektum um innleiðingu meginreglna Eurostat.<br>Mat á aðgengi í könnuninni „Hvað er spunnið í opinbera vefi?“ | Erfitt er að sækja mismunandi töflur sjálfvirkt og bera þær saman. Uppfylla þarf óskir um að birta hagtölur frá öðrum opinberum aðilum.<br>Aðgengi fékk 57 í niðurstöðum könnunar „Hvað er spunnið í opinbera vefi?“ árið 2015. | Hægt er að nálgast hagtölur frá öðrum opinberum aðilum á vef Hagstofunnar. Mat á aðgengi í könnun „Hvað er spunnið í opinbera vefi?“ er 80. | Á árinu var gert átak í að koma upp reglubundnum fundum notendahópa. Fundað var með öllum notendahópum og leitast eftir að fá endurgjöf varðandi hvað notendur væru ánægðir með og hvað þeir myndu vilja sjá úrbætur á. Þá gátu notendur veitt úrbótahugmyndum atkvæði og þannig sent skilaboð um hvaða forgangsröðun verkefna þeir myndu vilja sjá.<br>Mjög góð mæting var á fundina og fram kom fjöldi úrbótahugmynda. Undirbúningur er hafinn fyrir næstu jafningjarýni Eurostat, sem er úttekt á stöðu innleiðingar á meginreglum Eurostat. Áætlað er að jafningjarýnin fari fram árið 2021.<br>Hægt var að nálgast tölur frá fimm öðrum opinberum aðilum. Staðan í könnun óbreytt þar sem hún hafði ekki verið framkvæmd aftur. |

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

# Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál Málaflokkur 6.1

MARKMIÐ 1

**Bæta gæði, framboð og aðgengi að opinberum hagtölum, m.a. með viðbótarbreytum, nýjum hagskýrslum og lýsigögnum fyrir hagskýrslur, ásamt kynningarefni í tengslum við birtingu hagtalna.**

| Aðgerðir | Ábyrgð | Staða í árslok 2019 | Tímabil |
|---|---|---|---|
| Bæta hagtölur um húsnæðismál, ferðaþjónustu, menningarmál og skapandi greinar. | FOR & Hagstofa Íslands | Hagtölur um húsnæðismál: Búið að breyta gagnahögun og birta fyrstu niðurstöður. Hagtölur um menningarmál og skapandi greinar: Notendahópur hafið störf, nýjar hagtölur birtar, unnið að frekari hagtölugerð. Framleidd er reglulega ýmis ný tölfræði um ferðaþjónustu. | 2018-2021 |
| Safna upplýsingum um umhverfisskatta og gjöld, orkuflæðisreikninga og losun gróðurhúsalofttegunda. | Hagstofa Íslands | Upplýsingum um nær alla hluta umhverfisreikninga hefur verið skilað til Eurostat að frátöldum upplýsingum um umhverfisskatta. Unnið er að síðustu hlutum umhverfisreikninga til birtingar. | 2017-2019 |
| Rafrænt manntal. | Hagstofa Íslands | Verkefnið hófst haustið 2019. Stefnt að manntalsdegi 1.1.2021. Unnið að skipulagningu, gagnahögun og -söfnun. | 2019-2023 |
| Uppbygging á rannsóknadeild Hagstofu, þ.m.t. sviðsmyndagreininga fyrir þjóðhagsspá. | Hagstofa Íslands | Vinna í gangi við þarfagreiningu á viðbót við þjóðhagslíkanið og samráði í tengslum við það. Starfsmaður ráðinn m.a. til að styðja við fagstjóra við vinnu á þróun þjóðhagslíkansins. Aðstoð veitt við sviðsmyndagreiningar í fjármála- og efnahagsráðuneytinu. | |

Aðgerð ekki hafin | Undirbúningur hafinn | Aðgerð hafin | Aðgerð komin vel á veg | Aðgerð lokið

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

# Ákæruvald og réttarvarsla Málaflokkur 9.3

MARKMIÐ 1

## Að fyrir liggi skýr mörk þjóðlendna og eignarlanda á landinu öllu, þar með talið eyjum umhverfis landið, eigi síðar en 2024.

| Mælikvarðar | Staða 2017 | Viðmið 2019 | Staða 2019 |
|---|---|---|---|
| Hlutfall landssvæða sem óbyggðanefnd hefur úrskurðað um | 10 af 17 svæðum lokið. | 13 af 17 svæðum lokið. | 12 af 17 svæðum lokið (13 svæðum lokið í feb. 2020) |

| Aðgerðir | Ábyrgð | Tímabil |
|---|---|---|
| Starfsemi óbyggðanefndar styrkt til að flýta málsmeðferð. | Óbyggðanefnd | 2019-2023 |

Aðgerð ekki hafin | Undirbúningur hafinn | Aðgerð hafin | Aðgerð komin vel á veg | Aðgerð lokið

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

# Stuðningur við einstaklinga, fjölskyldur og börn Málaflokkur 29.4

MARKMIÐ 1

## Staða barna í íslensku samfélagi verði styrkt.

| Mælikvarðar | Staða 2017 | Viðmið 2019 | Staða 2019 |
|---|---|---|---|
| Fjöldi framkvæmdra greininga um stöðu íslenskra barna. | 0 | 2 | 3 |
| Fjöldi frumvarpa, stefna og áætlana sem rýnd hafa verið út frá barnaréttarsjónarmiðum og ákvæðum barnasáttmálans. | 40 | 100 | 89 |

| Aðgerðir | Ábyrgð | Tímabil |
|---|---|---|
| Haldið verði barnaþing árið 2019 til að fara yfir stöðu innleiðingar barnasáttmálans og þróun í málefnum barna og leggja til úrbætur. | Embætti umboðsmanns barna | 2018-2020 |

Aðgerð ekki hafin | Undirbúningur hafinn | Aðgerð hafin | Aðgerð komin vel á veg | Aðgerð lokið

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

# Jafnréttismál Málaflokkur 32.2

MARKMIÐ 1

## Launajafnrétti verði náð – kynbundnum launamun verði útrýmt.

| Mælikvarðar | Staða 2017 | Viðmið 2019 | Staða 2019 |
|---|---|---|---|
| Fjöldi opinberra aðila sem fá vottun* | 3 | 115** | 48 |
| Fjöldi fyrirtækja á markaði sem fá vottun | 16 | 450** | 87 |

| Aðgerðir | Ábyrgð | Tímabil |
|---|---|---|
| Framkvæmd verkefnis um jafnrétti á vinnumarkaði og launajafnrétti kynja, þ.m.t. verkefni um jafnlaunavottun innan tímamarka laga nr. 56/2017 | Forsætisráðuneyti (áður velferðarráðuneyti), fjármála- og efnahagsráðuneyti | 2019-2023 |
| Ráðuneyti og stofnanir ríkisins innleiði staðalinn ÍST 85 og hljóti jafnlaunavottun innan tímamarka laga nr. 56/2017. | Forsætisráðuneyti (áður velferðarráðuneyti) | 2017-2023 |

Aðgerð ekki hafin | Undirbúningur hafinn | Aðgerð hafin | Aðgerð komin vel á veg | Aðgerð lokið

* Mælikvarði var: Fjöldi ríkisstofnana sem fá vottun. Lögð er til breyting á orðalagi mælikvarða til þess að koma í veg fyrir að tvískipta þurfa stöðu og viðmiðum.

** Áætlun sem á ekki við. Notast var við aðra aðferðafræði þegar viðmið var sett.

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

# Jafnréttismál Málaflokkur 32.2

MARKMIÐ 2

## Draga úr ofbeldi í nánum samböndum, kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi, með auknu og efldu samstarfi milli menntakerfisin, réttarvörslukerfisins og velferðarkerfisins.

| Mælikvarðar | Staða 2017 | Viðmið 2019 | Staða 2019 |
|---|---|---|---|
| Fleiri fórnarlömb kynbundins ofbeldis tilkynni það til lögreglu | 7,7%*** | 12% | Viðmið ekki tilbúin**** |

| Aðgerðir | Ábyrgð | Tímabil |
|---|---|---|
| Þverfaglegt samstarf um forvarnir og fræðslu, bætt verklag réttar-vörslukerfisins og aukið samstarf um þjónustu við þolendur ofbeldis | Forsætisráðuneyti (áður velferðarráðuneyti) í samstarfi við dómsmálaráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneyti | 2018–2021 |

Aðgerð ekki hafin | Undirbúningur hafinn | Aðgerð hafin | Aðgerð komin vel á veg | Aðgerð lokið

EFNISYFIRLIT
ÁVARP RÁÐHERRA
STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS
EFNAHAGSMÁL
JAFNRÉTTISMÁL
ÝMIS VERKEFNI
STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS
REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR
ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

*** Þessi tala átti að vera 7,2%

**** Niðurstaða könnunar lögreglunnar vegna 2019 er væntanleg haustið 2020.

**Stjórnarráð Íslands**
Forsætisráðuneytið

**Ársskýrsla forsætisráðherra 2019**

Forsætisráðuneytið
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg - 101 Reykjavík
545 8400 | for@for.is

Júlí 2020 | ISSN: ISSN 2672-684X

Ábyrgðarmaður: Katrín Jakobsdóttir
Umsjón: Forsætisráðuneytið

@ 2020 – Forsætisráðuneytið

**stjornarradid.is**

# Ársskýrsla forsætisráðherra 2019

EFNISYFIRLIT

ÁVARP RÁÐHERRA

STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS

EFNAHAGSMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

ÝMIS VERKEFNI

STOFNANIR RÁÐUNEYTISINS

REKSTUR OG FJÁRFESTINGAR

ÁVINNINGUR AF RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA

**Stjórnarráð Íslands**
Forsætisráðuneytið